

FALLEG EIGN Á GÓÐUM STAÐ

## Útsýni til fjalla

Fasteignir  
**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



GRÉTAR REYNISSON

## Pétur Gautur er safaríkt verk

Höfðar enn til okkar í dag  
FÓLK 34



MARÍA OG BRAGI

## Setja búðina í barneignarleyfi

Eitthvað varð undan að láta  
FÓLK 34



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. mars 2006 – 71. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

### Fjölskrúðug og hávísindaleg verk



Olga Bergmann og hliðar-sjálfíð Doktor B. vinna með goðsögukenndar og ævintýralegar hugmyndir okkar um náttúruna og vísindin.

MENNING 26

### Annir hjá nýjum þingmanni

Guðjón Ólafur Jónsson hafði í nægu að snúast áður en hann varð óvænt þingmaður í stað Árna Magnússonar.



TÍMAMÓT 22

### Allt-í-plati-bær

„Börn iní Latabæ eru í rauninni eins og alkóhólistar í bullandi neyslu, síhrynjandi í það og þegar Íþróttaaflurinn er að maula á gúlrot í geimskipinu sínu eru þau ofurseld löstum sínum,“ segir Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 18


### Óskabyrjun Harðar

Hörður Sveinsson hefði ekki getað beðið um betri frumraun sína í danska fótboltanum en þá sem hann upplifði í gær. Hörður skoraði tvö og lagði upp eitt í 3-2 sigri Silkeborg.



ÍPRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG



**HÆGLÆTISVEÐUR** - Í dag verður hæg norðlæg átt. El af og til á landinu norðanverðu en yfirleitt léttskýjað syðra. Hiti 1-4 stig syðra en frost 0-4 stig norðanlands. **VEÐUR 4**

# Óttast um öryggi flugflota Gæslunnar

Tæknistjóri flugtæknideildar Landhelgisgæslunnar hefur sagt upp störfum. Hann treystir sér ekki til að tryggja öryggi gæsluvélanna fyrir þær fjárhæðir sem ætlaðar eru til verksins. Georg Lárusson forstjóri segir fjármagnið nægt.

**ÖRYGGI** „Með því að segja upp er ég búinn að lýsa því yfir að ég treysti mér ekki til að halda vélunum starfandi út árið fyrir þetta fjármagn,“ segir Oddur Garðarsson, tæknistjóri flugtæknideildar Landhelgisgæslunnar, sem sagði nýverið upp störfum.

„Vélarnar eru starfhæfar núna en þá fjármuni sem okkur eru skammtaðir fyrir árið 2006 tel ég ekki næga til að hægt sé að reka vélarnar á öruggan hátt.“

Flugfloti Landhelgisgæslunnar samanstendur af tveimur þyrlum og einni flugvél.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, er á öðru máli en Oddur. „Ég hef ekki nokkrar

áhyggjur af öryggi vélanna. Ég vil ekki tjá mig um hagi einstakra starfsmanna og treysti mér ekki til að segja til um það hvernig stendur á því að Oddur treystir sér ekki til að bera ábyrgð á öryggi vélanna en við teljum að það fjármagn sem við höfum dugi til þess.“

TF-LÍF, stærri þyrla Landhelgisgæslunnar, er óflughæf um þessar mundir vegna reglubundinnar skoðunar og mun verða það næstu sex vikur. Vika er síðan hin þyrlan, TF-SIF, komst í gagnið á ný eftir bilun. Um skeið var hvorug þyrlan til taks. Georg telur öryggi ekki ógnað þótt einungis önnur þyrlan sé flughæf og segir þetta ekki kalla á meira fjármagn.

„Það má vera að skoðunin gæti gengið hraðar með fleiri mönnum og meira fjármagni en við sníðum okkur stakk eftir vexti og hyggjumst klára þetta á áætluðum tíma.“

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði frá því í fréttum Sjónvarps í gær að hann vildi hlutafélagavæða vélarekstur Landhelgisgæslunnar. Opnað verður fyrir þann möguleika með nýjum lögum um Landhelgisgæsluna sem líklega taka gildi síðar á þessu ári. Georg segir málið hafa verið lengi til umræðu innan Gæslunnar en ekki hafi verið tekin nein formleg afstaða til þess enn. - sh



DREGINN AÐ HÚNI Nýr fáni Venesúela var kynntur í gær.

Nýr þjóðfáni Venesúela:

## Simon Bolívar vottuð virðing

**VENESÚELA, AP** Chavez, forseti Venesúela, dró breyttan þjóðfána að húni í gær og sagði breytingarnar virðingartökt við sjálfstæðisshetjuna Simon Bolívar.

Meðal breytinga á fánanum eru aukastjarna, bogi og ör og sveðja.

Á gamla fánanum var hvítur hestur sem sneri til hægri en á nýja fánanum snýr hesturinn til vinstri. „Hvítur hesturinn er nú frjáls, kröftugur og brokkar til vinstri sem tákn um endurkomu Bolívar og drauma hans,“ sagði Chavez við tilefnið. - sdg

Erfitt að opna umbúðir:

## Níu þúsund leita til læknis

**DANMÖRK** Einn af hverjum fimm dönum á í erfiðleikum með að opna umbúðir utan af matvöru. Danska ríkisútvarpið greinir frá þessu.

Helst eru það börn, eldra fólk og sjúklingar sem eiga í vandræðum með pakkningarnar.

Einnig kemur fram í könnuninni að árlega þurfi um níu þúsund manns í Danmörku að leita til læknis vegna sára sem þeir hafa fengið við að opna umbúðir.

Ráðherra neytendamála segir að unnið sé að nýjum stöðlum til að gera umbúðir neytendavænni. - ks



**HUGSAD UM NÆSTA LEIK** Sjöunda umferð Alþjóðlega Reykjavíkurskákmoátsins var teft í gær og er armenski stórmeistarinn Garbriel Sargisian einn í efsta sæti með sex vinninga. Fjöldi kvenna tekur þátt í mótnu og eru þær Knarik Mouradian frá Libanon og Turkan Mamedjarova frá Aserbaidsjan þeirra á meðal. Mouradian nagar neglur á meðan hún veltir næsta leik fyrir sér en Mamedjarova lítur sem snöggvast í linsu myndavélarinnar. Skákinni lyktaði með jafntefli. **Sjá nánar síðu 6.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kærandinn í Baugsmálinu fékk stöðu sakbornings við skýrslutöku hjá lögreglu:

## Sullenberger yfirheyrdur

**BAUGSMÁL** Einar Þór Sverrisson, verjandi Jóhannesar Jónssonar í Bónus, sakar embætti ríkislögreglustjóra um að leka upplýsingum um rannsóknarvinnu embættisins í Baugsmálinu til fjölmiðla. „Það er öldungis ljóst að leikinn er ekki frá sakborningum kominn eða verjendum þeirra. Enda er lekafrétt Ríkisútvarpsins síðastliðinn föstudag athyglisverð fyrir það sem ekki er í henni,“ segir Einar Þór.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði Jón Gerald Sullenberger stöðu sakbornings við skýrslutöku hjá embætti ríkislögreglustjóra daginn eftir að hann bar vitni í Baugsmálinu við aðalmeðferð þess í Héraðsdómi Reykjavíkur 22. febrúar síðastliðinn.

Eftir því sem næst verður komist er þetta í fyrsta skipti sem Jón Gerald fær réttarstöðu sakbornings frá því hann lagði fram kær


sína í Baugsmálinu í ágúst 2002. Einar Þór Sverrisson segir að leki um lögreglurannsókn sé ekki nýr af nálinni og vísar meðal annars til Þorvalds Gylfasonar prófessors, en fram kom í pistli hans í Fréttablaðinu í fyrra að ónefndur maður hefði upplýst hann í flugvél um hverjir yrðu ákærðir í Baugsmálinu löngu áður en ákærur voru gefnar út. Dæmi um leka eru fleiri og geta að sögn Einars Þórs varð að við lög. - jh



Komnir í loftið

ATLANTSSKIP  
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000



1+7=1

ÍSLANDBANKI OG 7  
DÓTTURFYRIRTÆKI  
OG STARFSSTÖÐVAR  
SAMEINAST UNDIR  
EINU NAFNI

GLITNIR



# RISAÚTSALA Á KLETTHÁLSI

Við efnum til risaútsölu á notuðum bílum.  
Fáranlegur afsláttur, ótrúlegt úrval af glansandi  
fínum kerrum og fáheyrð greiðslukjör.

*Komdu strax og gerðu frábær kaup!*

## Örfá sýnishorn:

**Skoda Superb 1.8T**  
ek. 18.000 árg. 05  
Verð 1.890.000 kr.  
Verð áður 2.190.000 kr.

**Skoda Felicia**  
ek. 75.000 árg. 00  
Verð 150.000 kr.  
Verð áður 340.000 kr.

**MMC Pajero Sport**  
ek. 54.000 árg. 04  
Verð 2.330.000 kr.  
Verð áður 2.600.000 kr.

**Dodge Grand Caravan**  
ek. 39.000 árg. 04  
Verð 2.250.000 kr.  
Verð áður 2.690.000 kr.

**Citroen C3**  
ek. 48.000 árg. 02  
Verð 650.000 kr.  
Verð áður 810.000 kr.

**BMW 316i**  
ek. 49.000 árg. 03  
Verð 1.790.000 kr.  
Verð áður 2.090.000 kr.

**Range Rover HSE**  
ek. 123.000 árg. 99  
Verð 1.950.000 kr.  
Verð áður 2.590.000 kr.

**VW Golf Highline stw**  
ek. 48.000 árg. 03  
Verð 1.190.000 kr.  
Verð áður 1.530.000 kr.

**Kia Clarus**  
ek. 34.000 árg. 02  
Verð 390.000 kr.  
Verð áður 740.000 kr.

**Toyota Yaris**  
ek. 70.000 árg. 01  
Verð 530.000 kr.  
Verð áður 420.000 kr.

**Audi A6 1.8T**  
ek. 61.000 árg. 01  
Verð 1.850.000 kr.  
Verð áður 2.150.000 kr.

**VW Golf 4Motion 2.0**  
ek. 45.000 árg. 03  
Verð 1.340.000 kr.  
Verð áður 1.740.000 kr.

**Opið frá kl. 9 til 19 í dag**

Einnig risaútsala hjá:  
Söluumboði HEKLU Reykjanesbæ, sími 420 5000,  
Söluumboði HEKLU Selfossi, sími 482 1416 og  
Höldi Akureyri, sími 461 6020

**ÓTRÚLEGT  
ÚRVAL BÍLA**

**100%  
FJÁRMÖGNUN  
á völdum bílum**

**ALLT AÐ  
550 ÞÚS.  
KR. AFSLÁTTUR**



Laugavegi 174  
Sími 590 5040  
www.bilathing.is  
bilathing@hekla.is

**BÍLAPING HEKLU**

Númer eitt í notuðum bílum

Klettháls 11  
Sími 590 5760  
www.bilathing.is



# Ný kynslóð salatbara

## Sjáðu þetta

**40** spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólþurrkaðir tómatar
- Ætipistill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir  
0.5 ltr. sítrónu Kristall með í kaupbæti.\*

\*Tilboðið gildir til 31. mars



## Fiskréttur dagsins

**40% afsláttur**

**Kjöt & fisktorgið**

**Laxaréttur**  
með hvítlauk og kóríander  
ásamt fersku grænmeti  
Einungis fersk krydd notuð í þennan rétt.  
Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b.  
20 mínútur við um 200°C eða eldað  
á pönnu í um 20 mín.

**TILBOÐ**  
**980** kr/kg  
Verð áður 1.649,-

**Rúnar Gíslason**  
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur  
kokkarnir.is

Gildir 13. mars eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval matvöru

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



## GULLMOLINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Akraland ehf. er nú að hefja sölu lóða í 2. áfanga Akrahverfis í Garðabæ. Um er að ræða 35 lóðir undir einbýlis-hús. Framkvæmdir og uppbygging í Akrahverfinu hófust 2005. Þar er að rísa glæsilegt hverfi þar sem mikill metnaður ræður ríkjum varðandi hönnun, arkitektúr og alla uppbyggingu í metnaðarfullu sveitarfélagi.

Lóðirnar eru frábærar eignarlóðir og hverfið er vel staðsett á grónu svæði á besta stað í Garðabæ. Þetta eru góðar byggingarlóðir á frjósömu svæði mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Þær eru staðsettar rétt við greiðar og fljótfarnar umferðaræðar sem liggja til allra átta.

Tilboðum í lóðirnar skal skila eigi síðar en **6. apríl 2006 kl. 15:00**. Tilboðunum skal skila á skrifstofu Akralands í Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar um lóðirnar. Fasteignasalan Borgir mun einnig annast milligöngu um sölu lóðanna og geta þeir sem hafa áhuga snúið sér þangað.

Nánari upplýsingar um lóðirnar, stærð þeirra og nýtingu ásamt upplýsingum um hvernig væntanlegir kaupendur bera sig að við tilboðsgerð er að finna á vefsíðu Akralands, [www.akraland.is](http://www.akraland.is)

Mikilvægt er að tilboðsgjafar kynni sér vel öll tilboðsgögn, s.s. tilboðsskilmála, tilboðsskrá, sölu- og skipulagsskilmála en öll tilboð taka mið af þessum skilmálum.

[www.akraland.is](http://www.akraland.is) Tilboðsfrestur 6. apríl, kl.15.00




„... erum mjög ánægð með þjónustuna.“

**Ummæli fólks sem lent hefur í tjóni segja mest um þjónustu tryggingafélaga.**

„Við erum mjög ánægð með þjónustuna sem við höfum fengið hjá ykkur þegar tjónsatvik hafa komið upp hér í húsinu.“

Kveðja,  
Védís Gunnarsdóttir,  
gjaldkeri húsfélagsins Gaukshólum 2.“

### Ánægjuvög tryggingafélaga 2005



Samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni eru viðskiptavinir TM þeir ánægðustu af viðskiptavinum tryggingafélaga.

TM ÁNÆGJA



TRYGGINGAMIDSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is

Íbúar Nepal óttast um afdrif sextán ára drengs:

## Litli Búdda horfinn

**NEPAL** Ram Bomjan, sextán ára strákur sem hefur fastað og stundað hugleiðslu í tíu mánuði í skógi í Nepal, er nú týndur. Hann var stundum kallaður Litli Búdda en lögreglan telur það ólíklegt að honum hafi verið rænt. Sumir fylgismanna Bomjan telja hann hafa fært sig innar í skóginn til að fá frið en hann fékk hundruð heimsóknna á hverjum degi.

Fylgismennirnir segja Bomjan hvorki hafa borðað né drukkið allan þennan tíma en hafa neitað að leyfa læknum að rannsaka ástand hans og segja að það myndi trufla hann.

Talið er að Bomjan hyggtist stunda hugleiðslu í sex ár. - bg



**RAM BOMJAN** Drengurinn sem margir telja Búdda endurfæddan er nú horfinn. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Nýju raforkulögin:

## Hafa áhrif á verðlagningu

**RAFORKA** Ný raforkulög sem tóku gildi um áramótin hafa töluverð áhrif á mörg iðnfyrirtæki. Verði hækkunum velt út í verðlagið geta þær numið yfir tuttugu prósentum.

Hækkunin er tilkomin vegna þess að forsvarsmenn Orkuveitunnar telja að þeir hafi ekki lengur forsendur til að semja við fyrirtæki um lækkun á raforkuverði gegn ákveðnum skilyrðum.

Hingað til hefur iðnfyrirtækjum verið boðinn svokallaður rofinn taxti en í honum felst að Orkuveitan hefur leyfi til að skráfa fyrir rafmagn til fyrirtækjanna á ákveðnum álagstímum gegn lægra verði. - fb

## Það tekur heila öld að ná settu marki

Að koma Háskóla Íslands í hóp þeirra bestu er göfugt markmið en fráleitt og óraunsætt að mati Ingvars Bjarnasonar, lækni og prófessors í Bretlandi.

**MENNTAMÁL** „Það tekur Háskóla Íslands hundruð ár hið minnsta að komast í hóp hundrað bestu háskóla í heiminum og mér finnst broslengt að menn telji það raunhæft markmið,“ segir Ingvar Bjarnason, lækni og prófessor í meltingarsjúkdómum við King's College háskólann í Lundúnum.

Hann undrast stórum að Kristín Ingólfsdóttir rektor og flestir deildarforsetar við skólann telji skólann eiga nokkurn möguleika á því. Það mun ekki gerast nema með róttækum breytingum, sérhæfingu og stórauknu fjármagni.

„Í sjálfu sér er ágætt að setja háleit markmið en þau verða að vera raunsæ líka. Mér finnst hugmyndin alveg fráleitt og ástæðurnar eru margar. Spyrja verður fyrst á hverju hugmanna byggjast um hvort háskóli sé góður eður ei. Sé litið til þeirra skóla sem sitja ofarlega á listum yfir bestu háskóla heimsins ár eftir ár stendur upp úr að mikið og öflugt rannsóknarstarf fer þar fram. Skólarnir eru að stórum hluta dæmdir eftir umfangi þeirra rannsókna. Árangur læknadeildar Háskóla Íslands, sem ég þekki hvað best, hvað varðar útgáfu greina er nokkuð góður en gæði kennslunnar eru að mínu mati lítil. Það hefur þó aðeins breyst með samvinnu við Íslenska erfðagreiningu og það er aðeins með slíkri samvinnu við fyrirtæki sem eru í fararbroddi tæknilega sem skólinn getur



**INGVAR BJARNASON** Segir hægt að bæta gæði kennslu innan HÍ með samstarfi við fyrirtæki sem séu í fararbroddi í sínum greinum hérlendis.

„Í sjálfu sér er ágætt að setja háleit markmið en þau verða að vera raunsæ líka. Mér finnst hugmyndin alveg fráleitt og ástæðurnar eru margar. Spyrja verður fyrst á hverju hugmanna byggjast um hvort háskóli sé góður eður ei. Sé litið til þeirra skóla sem sitja ofarlega á listum yfir bestu háskóla heimsins ár eftir ár stendur upp úr að mikið og öflugt rannsóknarstarf fer þar fram. Skólarnir eru að stórum hluta dæmdir eftir umfangi þeirra rannsókna. Árangur læknadeildar Háskóla Íslands, sem ég þekki hvað best, hvað varðar útgáfu greina er nokkuð góður en gæði kennslunnar eru að mínu mati lítil. Það hefur þó aðeins breyst með samvinnu við Íslenska erfðagreiningu og það er aðeins með slíkri samvinnu við fyrirtæki sem eru í fararbroddi tæknilega sem skólinn getur



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Ingvar Bjarnason segir í sjálfu sér ágætt að setja sér háleit markmið en þau verði að vera raunsæ líka.

mögulega komið sér á kortið sem góð menntastofnun í framtíðinni. Með því að bæta gæði kennslunnar er þannig hægt að stíga stór skref fram á við en þar með er ekki sagt að hann komist í hóp þeirra bestu í heiminum. Hann á vissulega að stefna að því að vera góð kennslustofnun en sem vísindastofnun er Háskóli Íslands



nánast aftast á merinni og það helgast af eilífum fjárskorti.“

Ingvar tekur sem dæmi hvernig aðstaða lækna á Landspítala-háskólasjúkrahúsi á Íslandi er allt önnur og verri hér en sambærileg aðstaða erlendis.

„Sérfræðingar í meltingarfræðum á Íslandi eru með eigin starfsemi og starfa að auki á spítölunum. Vinnudagurinn er langur og strangur og lítill tími aflögu. Hér í Bretlandi á háskólaspítölum myndu þessir sömu aðilar eyða langmestum tíma sínum til rannsókna og hafa frið til vinnu sinnar. Spítalarnir hefðu á stórum hópi vel menntaðra aðstoðarmanna að skipa og slíkt samstarf hefur gefið góða raun um langt skeið. Mér vitandi þekkest þetta ekki heima á Íslandi.“

albert@frettabladid.is

Verðlagseftirlit ASÍ telur þriðjungi dýrara að versla í klukkubúð en lágvöruverðsverslun:

## Mestur munur á grænmeti

**VÖRUVERÐ** Rúmlega þriðjungi dýrara er að versla í klukkubúð en í lágvöruverðsverslun. Þetta kemur fram í könnun sem verðlagseftirlit ASÍ gerði á verði matvörukörfunnar í liðinni viku og sagt er frá á fréttavef ASÍ.

Í körfunni voru meðal annars grænmeti og ávextir, mjólkurvörur, brauð, morgunkorn, kaffi, pakkaðar kjötvörur og álegg, drykkjarvörur, hreinlætisvörur og fleira. Munurinn á vörukörfunni í öðrum stórmörkuðum og klukkubúðum var að meðaltali 9,4 prósent.

Þegar meðalverð á vöruflökum var borið saman kom í ljós nokkur munur. Mestur var verð-



**GRÆNMETIÐ DÝRT** Mestur var verðmunurinn á grænmeti og ávöxtum í verðkönnun ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/HARÍ

munurinn á grænmeti og ávöxtum, sem voru að meðaltali fjórutíu pró-

sentum dýrari í stórmörkuðum en í lágvöruverðsbúðum og 63 prósentum dýrari í klukkubúðum en lágvöruverðsbúðum.

Mjólkurvörur voru að meðaltali 34 prósentum dýrari í stórmörkuðum en í lágvöruverðsbúðum og fjórutíu prósentum dýrari í klukkubúðum en í lágvöruverðsbúðum. Athyglisvert er hversu lítil munur er á stórmörkuðum og klukkubúðum.

Mikill verðmunur var einnig á hreinsiefnum en þau voru að meðaltali 45 prósentum dýrari í klukkubúðum en lágvöruverðsverslunum og 24 prósentum dýrari í stórmörkuðum en lágvöruverðsbúðum. - ghs



**Hvaða vexti  
ert þú með  
á þínum  
sparnaðarreikningi?**

**10,05%**

Allt að 10,05%\* vextir á sparnaðarreikningum hjá S24

**Færð þú  
betri vexti?**



Stofnaðu reikning... **www.s24.is** Sími 533 2424



\*M.v. vaxtatöflu og gjaldskrá S24 1.02.2006.



**GEIMFARAR** Brasilíumaðurinn Marcos Pontes (t.h.), Rússinn Pavel Vinogradov og Bandaríkjamadurinn Jeffrey Williams búa sig nú undir geimferð sem hefst 30. mars.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kærur vegna hraðaksturs í umdæmi lögreglunnar á Akureyri:

## Sex sinnum fleiri en í fyrra

**HRAÐAKSTUR** Frá morgni og fram á miðjan dag í gær hafði lögreglan á Akureyri afskipti af hátt á þriðja tug ökumanna sem óku á 70 til 97 km hraða á klukkustund þar sem hámarkshraði er 50 km á klukkustund. Hermann Karlsson, varðstjóri á Akureyri, segir að fyrstu daga marsmánaðar hafi fimm ökumenn verið teknir á svo miklum hraða að þeir verði sviptir ökuleyfi en það sem af er ári hefur Akureyrarlögreglan kært sex sinnum fleiri ökumenn fyrir of hraðan akstur en á sama tímabili í fyrra.

Á þessu ári hefur lögreglan á Akureyri tekið 350 ökumenn fyrir of hraðan akstur en á sama tíma-



**ÁREKSTUR Á AKUREYRI** Lögreglan á Akureyri notar bæði merktar og ómerktar lögreglubífiðar við umferðareftirlit en einnig hraðamyndavél.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

bili í fyrra voru 58 ökumenn kærðir fyrir hraðakstur.

Hermann segir lögregluna á Akureyri leggja mikla áherslu á eftirlit á þjóðvegum í nágrenni bæjarins en einnig í íbúðarhverf-

um á Akureyri og við grunnskólanna. „Við notum bæði merktar og ómerktar lögreglubífiðar við eftirlitið, sem og hraðamyndavél sem virkilega hefur sannað gildi sitt,“ segir Hermann.

-kk

Þyrla Landhelgisgæslunnar: **Leitaði að neyðarsendi**

**BJÖRGUNARMÁL** Áhöfn Sifjar, björgunarþyrlu Landhelgisgæslunnar, var kölluð út á laugardag til að leita að neyðarsendi í Smábúðahverfinu í Reykjavík. Stöðugar neyðarsendingar höfðu borist stjórnstöð Landhelgisgæslunnar um gervihnött. Leitað hafði verið án árangurs að neyðarsendingum og var því brugðið á það ráð að óska aðstoðar þyrlu Landhelgisgæslunnar til að miða út neyðarsendingu.

Leit þyrlunnar bar árangur og gat áhöfn þyrlunnar bent á svæðið þar sem sendirinn fannst. Var slökkt á honum í kjölfarið.

Áhöfn Sifjar var svo aftur kölluð út stuttu síðar til að leiðbeina flugvél til Reykjavíkur sem var eingöngu útbúin til sjónflugs, en skyggni var slæmt.

-sag

Mikil fækkun ferðalanga til Egyptalands:

## Lúxushótel standa auð á háannatíma

**DANMÖRK** Straumur vestrænna ferðamanna til Egyptalands hefur snarminnkað í kjölfar mótmæla landsmanna vegna myndbirtinga Jótlandspóstsins og annarra fjölmiðla á teiknimyndum af spámanninum Múhameð.



**TÓMLEGT** Egyptaland er ekki efst á lista vestrænna ferðalanga þessa dagana en auglýsingaherferð á að lokka Dani og Svía aftur í heimsókn.

NORDICPHOTOS/AFP

Hafa ferðamálayfirvöld af þessu þungar áhyggjur enda af ferðamannaíðnaðarinneminaf undirstöðuáttvinnugreinum í landinu. Hefur vestrænum ferðalöngum þannig fækkað það sem af er þessu ári um þriðjtu prósent og munar mikið um fólk frá Norðurlöndum en 314 þúsund ferðamenn þaðan sóttu landið heim á síðasta ári.

Standa því mörg lúxushótelin að mestu auð þessa dagana á tíma sem venjulega er háannatími á helstu ferðamannastöðum í landinu og hyggjast egypsk ferðamálayfirvöld standa að auglýsingaherferð í Danmörku og Svíþjóð næstu daga í þeirri von að lokka megi fleiri ferðamenn til landsins.

-aöe



**FUGLAFLENSA** Kjúklingum er hér slátrað í Indónesíu en þar hafa tvö börn orðið fuglaflensunni að bráð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um 140 milljónum fugla fargað í Asíu:

## Tvö börn létust af völdum fuglaflensu

**INDÓNESÍA, AP** Tvö börn í Indónesíu hafa orðið fuglaflensunni að bráð og hafa nú alls 22 manns dáíð af völdum fuglaflensu í Indónesíu. Tólf ára stúlka lést í bænum Solo í Indónesíu og þrjú ára drengur í Semarang.

Talið er að bæði börnin hafi komist í návígi við sjúka kjúklinga áður en þau veiktust. Siti Fadilah Supari, heilbrigðisráðherra Indónesíu, fullyrta að stjórnvöld myndu bregðast við og herða varnir gegn flensunni. Einnig sagði hún að stjórnvöld hygðust flytja meiri birgðir af lyfinu Tamiflu til landsins.

H5N1-afbrigði fuglaflensunnar

hefur drepit eða leitt til slátrunar meira en 140 milljóna kjúklinga og anda í Asíu síðan 2003 og hefur nýlega borist til Evrópu, Afríku og Mið-Austurlanda. Alls hafa 97 manns látist af veikinni, þar af tveir þriðju hlutar í Indónesíu og Víetnam, samkvæmt upplýsingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Á sunnudag staðfestu stjórnvöld í Kamerún að fuglaflensuveiran hefði greint í önd þar í landi. Kamerún er fjórða Afríkurland sem greindist fyrst í Afríku í febrúar. Ekki er vitað til þess að veikin hafi borist í menn í álfunni.

-bg/sdg

### LEIÐRÉTTING

Í greininni Alþýðusamband Íslands 90 ára í blaðinu í gær víxluðust myndatextar.



JÓN BALDVINSON Forseti ASÍ 1916-1938

STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON Forseti ASÍ 1939-1940

HERMANN GUÐMUNDSSON Forseti ASÍ 1944-1948

HANNIBAL VALDIMARSSON Forseti ASÍ 1954-1971

BJÖRN JÓNSSON Forseti ASÍ 1972-1980

FULLBÚINN Á FRÁBÆRU VERÐI!

NISSAN X-TRAIL



#### Ríkulegur staðalbúnaður

17" álfelgur, lítað gler, 6 diska geislasplari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsstjórning í stýri, sóllúga.

Nissan X-Trail Sport 2.690.000 kr.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:

„Bestur“ – Fifth Gear  
„Best recreational 4x4“ – Auto Express  
„Best compact 4x4“ – What Car?  
„Best in class“ – Channel 4  
„Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16



# ORMSSON

Skrifstofu- og hljómtækjudeild Ormsson er flutt í **Síðumúla 9**

SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 / SMÁRALIND SÍMI 530 2900

## Fangaðu augnablikið!

# OLYMPUS®

YOUR VISION, OUR FUTURE

**Verðlækkun á frábærum myndavélum!**



**TILBOÐ:**  
**Kr. 21.900**

**MJU 600 all weather**

- 6,0 milljón punktar
- 3 x Optical aðdráttur (35-105mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 23 prógram stillinga
- Innbyggt flass. Val á milli 3 stillinga
- 2,5" LCD skjár með BrightCapture
- Quicktime videotaka með hjóði
- Innbyggt 8 mb minni
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 128g

**Kr. 24.900**

Íslenskur leiðarvísir



**TILBOÐ:**  
**Kr. 29.900**

**MJU 800 all weather**

- 8,0 milljón punktar
- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 19 prógram stillinga
- Innbyggt flass. Val á milli 3ja stillinga
- 2,5" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hjóði
- Notar XD minnis kort
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 181.5g

**Kr. 34.900**

Íslenskur leiðarvísir



**SP-700**

- 6,0 milljón punktar
- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 10 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 24 prógram stillinga
- Innbyggt flass, val á milli 3 stillinga
- 3" LCD skjár
- Hreyfimyndataka með hjóði
- Notar XD minnis kort
- Innbyggt 11 mb minni
- Camera Master forrit
- Þyngd 140g

**Kr. 29.900**



**SP-500 UZ**

- 6,0 milljón punktar
- 10 x Optical aðdráttur (38-380mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- 2,5" LCD skjár
- Val á milli 6 prógram stillinga og 3 manual stillinga
- Quicktime videotaka með hjóði
- Innbyggt 10 mb minni
- Notar AA rafhlöður
- Þyngd 285g

**Kr. 34.900**



**SP-350**

- 8,0 milljón punktar
- 3 x aðdráttur (38-114mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 24 prógram og 3 manual stillinga
- Innbyggt flass. Val á milli 4 stillinga
- Flass skór fyrir stærra Olympus flass
- 2,5" LCD skjár
- Videoupptaka með hjóði
- Innbyggt 32 mb minni
- Notar CR-V3 eða AA rafhlöður
- 500 myndir á eina CR-V3 rafhlöðu
- Þyngd 195g

**Kr. 34.900**

Þú segir okkur hvaða kröfur þú gerir varðandi verð og gæði - við uppfyllum þær!



**E-500**

- 8,0 milljón punktar (Full frame transfer CCD)
- SLR
- Skiptanleg linsa
- 2,5" LCD skjár
- Innbyggt flass, sæti fyrir auka flass
- 20 minsmunandi programstillingar
- Mögulegt að nota Olympus linsur OM (með millihring)
- Notar bæði Compactflass og Xd kort
- Léttasta stafræna SLR myndavélin á markaðinum í dag aðeins 270gr án rafhlöðu og linsu
- Tvær linsur fylgja með, 14-45mm (35-90mm) og 40-150mm (80-300mm)

**TILBOÐ:**  
**Kr. 69.900**

# Nikon



**TILBOÐ:**  
**Kr. 114.900**

**D-70S**

- 6,1 milljón punktar
- SLR
- 3008x2000 upplausn
- Skiptanleg linsa
- Innbyggt flass
- Program og manual stillingar
- Linsa: DX 18-70mm
- Þyngd 600g án linsu

**Kr. 139.900**



**TILBOÐ:**  
**Kr. 36.900**

**COOLPIX 7900**

- 7,1 milljón punktar
- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 16 prógram stillinga, D-ligting og Face-priority AF
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 2,0" LCD skjár (upplausn 115.000 punktar)
- Quicktime videotaka með hjóði og hristivörn á aðdrætti
- Hægt að nota sem diktafon
- Þyngd 150g

**Kr. 48.900**

Besta stafræna smávélin 2005



**TILBOÐ:**  
**Kr. 39.900**

**COOLPIX P1**

- 8,0 milljón punktar
- Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
- 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/ 2.7-5.2
- Val á milli 19 prógram stillinga
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
- Quicktime videotaka
- Innbyggt 32 mb minni
- Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/180 myndir
- Hleðslutæki
- Þyngd 170 g

**Kr. 49.900**



**COOLPIX P2**

- 5,0 milljón punktar
- Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
- 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/ 2.7-5.2
- Val á milli 19 prógram stillinga
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
- Quicktime videotaka
- Innbyggt 16mb minni
- Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/190 myndir
- Hleðslutæki
- Þyngd 170g

**Kr. 39.900**  
**TILBOÐ:**  
**Kr. 34.900**



**D-50**

- 6,1 milljón punktar
- Digital SLR
- 3008x2000 upplausn
- Skiptanleg linsa
- Innbyggt flass
- Program og manual stillingar
- Linsa: DX 18-55mm
- Þyngd 540g án linsu

**Kr. 99.900**

**TILBOÐ:**  
**Kr. 84.900**



**L1**

- 6,2 milljón punktar
- 5 x aðdráttur (38-19mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga
- Innbyggt flass, val á milli 3 stillinga
- 2,5" LCD skjár (upplausn 115.000 punktar)
- Hreyfimyndataka með hjóði
- Innbyggt 10 mb minni
- Notar AA rafhlöður
- Hleðslutæki, hleðslurafhlöður
- Þyngd 180 g

**Kr. 27.900**



**S4**

- 6,0 milljón punktar
- Með snúningshaus
- 10 x aðdráttur í linsu (38-380mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga
- Innbyggt flass, val á milli 5 stillinga
- 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
- Quicktime videoupptaka með hjóði
- Notar AA rafhlöðu
- Þyngd 205g

**Kr. 49.900**  
**TILBOÐ:**  
**Kr. 35.900**



Eyrarvegi 32, 800 Selfossi, sími 480 1160



Hafnar götu 25, Reykjanesbæ, sími 411 1535



FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000



FLÖTUM 29, VESTMANNAEYJUM



STAFRÆN FRAMKÖLLUN  
Suðurlandsbraut 52, sími 588 3700



Stílholti 16-18, Akranes  
Sími 431 3333, modelak@simnet.is



Garðsbraut 9, Húsavík, Sími 464 1234, husavik@husavik.is

## „ORÐRÉTT“

Framsókn í hnotskurn  
„Við hvetjum til umræðu en  
leggjum ekkert til.“

JÓNÍNA BJARTMARZ ÞINGMAÐUR  
FRAMSKÖRNARFLOKKSINS Í FRÉTTA-  
BLAÐINU UM SKÝRSLU NEFNDAR  
UM HEILBRIGÐISKERFID.

Á ekki að renna sér  
niður?

„Ég vona auðvitað að ég  
komist ofar og hef trú á því.“

DAGNÝ LINDA KRISTJÁNSDÓTTIR  
SKÍÐAKONA Í FRÉTTABLAÐINU.

nær og fjær  
**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? LÁRA STEFÁNSDÓTTIR VARAPINGMAÐUR

## Gerir æfingar í fjöruborðinu

„Það er allt ljómandi gott að fréttastofa af mér. Ég er verkum hlaðin og þannig finnst mér lífið skemmtilegast,“ segir Akureyringurinn Lára Stefánsdóttir, varaþingmaður Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi, þegar blaðamaður sló á þráðinn til hennar.

„Störf dagsins hófust klukkan hálf sjö að vanda með gönguferð niður í fjöru með hundinn minn. Þar stunda ég mína líkamsrækt líkt og Þórbergur en ólíkt skáldinu er ég alklædd og Müllersæfingar kann ég ekki.“

Málefnavinna Samfylkingarinnar á Akureyri vegna sveitarstjórnarkosninganna í vor tekur drjúgan tíma hjá Láru þessa dagana en hún telur þeim tíma vel varið. „Við göngum í fyrirtæki og stofnanir í bænum og hlustum á fólk. Þannig finnum við út hvað helst brennur á fólki og nú eru það atvinnumálin, skipulags-



LÁRA STEFÁNSDÓTTIR

málin, öldrunarmálin og málefni fjölskyldnanna almennt.“

Helstu áhugmál Láru eru ljósmyndun, lagasmíð og lestur og sinnir hún þeim eins og tími gefst til. „Ég hef nýlök við að semja baráttulag og texta fyrir unga jafnaðarmenn á Akureyri og er að fara í spennandi ljósmyndaferð með áhuga-ljósmyndurum á Mývatn.“

Lára hefur tekið þátt í mörgum ljósmyndakeppnum á ljósmyndakeppni.is og í síðustu viku vann hún gullverðlaun fyrir mynd sem hún tók á fjölmenningarhátíð í gamla Blómavalshúsinu við Sigtún í Reykjavík.

Komandi sunnudagur verður stór dagur hjá Láru en þá á að skíra þriðja barnabarnið hennar.

„Litla prinsessan verður skírð í Akureyrarkirkju og á eftir verður fjölskyldubóð,“ segir Lára og stoltið og tilhlökkunin leynir sér ekki í röddinni.



Á HLAUPUM í árlegu Íditarot-hundasleðakeppninni í Alaska þurfa hundar og menn að útsjónarsemi, styrk og þol til að komast í mark. Keppnin stendur í nokkra daga og er sú þekktasta af nokkrum sem haldnar eru á norðlægum slóðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



HÍLDINN FEGINN Líkt og mönnum finnst hundum gott að leggja sig eftir erfiðan og annasaman dag. Þessi hvutti fékk ábreiðu yfir sig þegar hann blundaði eftir átök dagsins í hundasleðakeppninni. Það mun annars heldur sjaldgæft að hundar leggi sig undir teppi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## ELDRI BORGARAR 60+

### Byrjendur

30 kennslustunda byrjendanám-skeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hægt yfirferð með reglulegum endurtekingum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færara að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.



Kennsla hefst 16. mars og lýkur 6. apríl.  
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13 - 16.  
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalín

### Framhald I

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámsskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 15. mars og lýkur 5. apríl.  
Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13 - 16.  
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalín.



**TÖLVUSKÓLINN**  
**PEKING**

Faxafan 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is



ÖLLUM ER TEKIÐ VEL Í HJÁLPARSÍMANUM Elfa Dögg S. Leifsdóttir, verkfnisstjóri Hjálparsíma Rauða krossins, segir flesta hringja vegna einmannaleika, þunglyndis og kvíða. Svo þurfa sumir bara einhvern til að tala við.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Allt niður í tíu ára börn hringja í Hjálparsímann

Hjálparsíma Rauða krossins bærust um 16.000 símtöl á síðasta ári. Símtöl frá börnum og unglingum voru um 2.500.

Hjálparsíminn 1717 hefur starfað frá 2002 og þar er leitast við að ráða fram úr hvers kyns vandamálum fólks. Sumir hringja til að leita sér upplýsinga um hvar aðstoð er að finna en aðrir þurfa einhvern til að tala við.

Elfa Dögg S. Leifsdóttir, verkfnisstjóri Hjálparsímans, segir flesta hringja vegna einmannaleika, þunglyndis og kvíða. „Margir leita til okkar með þessi sálrænu vandamál en aðrir þurfa að tala við einhvern sem hlustar.“

Flestir sem hringja eru miðaldra og eldra fólk og næstfjölmennasti hópurinn er unglingar. „Sá yngsti sem hefur hringt var tíu ára og þetta nær upp í níu ára,“ segir Elfa Dögg.

Svarað er í Hjálparsímann allan sólarhringinn, allan ársins hring. Að sögn Elfu Daggar er oftast hringt seinnipart dags og á kvöldin og mest er að gera um helgar. Nýliðnir janúar- og febrúarmánuðir voru annasamir hjá starfsfólki Hjálparsímans og það kom Elfu Dögg á óvart hve margir hringdu yfir jólahátíðina. „Þá bærust um 200 símtöl,“ segir hún en að meðaltali hringja um fjöru-tíu manns á dag. Sumir hringja einu sinni en aðrir oft, jafnvel nokkrum sinnum í viku. Á það við um fólk sem er einmana og félagslega einangrað og finnst gott að heyra í einhverjum. Vill jafnvel deila sínu daglega lífi með einhverjum sem virkilega hlustar og sýnir áhuga. Öllum er tekið vel í Hjálparsímanum og ekki er skellt á neinn.

Elfa Dögg segir helstu mál þjóðfélagsmála umhverfis hringja sínni oft bera á góma í símtölum sem berast Hjálparsímanum. „Við

finnum vel fyrir því ef heit mál eru umræðunni. Þá vill fólk ræða um þau og jafnvel hringir fólk sem tengist málinum með einhverjum hætti.“

Hátt í eitt hundrað manns svara í Hjálparsímann árið um kring og vinnur stór hluti störf sín í sjálfbodavinnu. Það fólk kemur víða að úr samfélaginu en þarf að uppfylla tilteknar kröfur og sitja námskeið áður en það sest við símann. „Það kemur mér á óvart hversu margt vel menntað og stætt fólk í þjóðfélaginu sinnir þessu og hefur áhuga á að gefa eitthvað til baka til samfélagsins,“ segir Elfa Dögg.

Þrátt fyrir að flestir starfsmenn Hjálparsímans séu sjálfbodaliðar er þjónustan kostnaðarsöm. Því kom nýlegur styrkur frá SPRON sér vel en sparissjóðurinn veitti Hjálparsímanum þriggja milljóna króna styrk á aðalfundi sínum á dögunum.

bjorn@frettabladid.is

## Íbúðarhús í bakgarði Naustsins

Verið er að grafa fyrir grunní búaðarhúss á lóð við Tryggvagötu í Reykjavík. Lóðin er á milli Naustsins við Vesturgötu og Hafnarhóls við Tryggvagötu en hús sem þar stóð var rífið fyrir fáum misserum. Í því var ýmis starfsemi í gegnum árin en síðast var þar kráin Skipperinn.

26 íbúðir verða í nýja húsinu, sem áætlað er að verði risið á næsta ári.

Íbúðum í miðborginni mun fjölga á næstu árum en víða er byggt eða stendur til að byggja. Er það enda draumur margra að búa í miðborginni, ekki síst þegar hún fær á sig enn ríkari borgarsvip þegar tónlistar- og ráðstefnuhúsið verður risið við höfnina innan nokkurra ára.



GRUNNURINN GRAFINN Fornfrægi veitingastaðurinn Naustið gnæfir yfir grunninum við Tryggvagötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stórsýning á mannvirkjagerð í Höllinni

Verk og vit 2006 er yfirskrift sýningar á sviði byggingariðnaðar, skipulagsmála og mannvirkjagerðar. Sýningin, sem hefst í Laugardalshöll á fimmtudag, er sögð sú stærsta og umfangsmesta sinnar tegundar sem haldin hefur verið á Íslandi.

Um 120 fyrirtæki og sveitarfélög taka þátt í sýningunni og kynna starfsemi sína. Samhliða verða haldnar ráðstefnur, kynningarfundir og fleiri viðburðir.

Sýningin verður opin fagfólki á fimmtudag og föstudag og almenníngi um helgina.



BYGGGT Í GARÐABÆ Nýtt verslunarhús IKEA sprettur hratt upp úr hrauninu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



NÝ SPOR Þessir tveir þýsku skokkarar létu ekki fönnina hindra sig í að hlaupa reglulega spottann sinn á dögnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÍÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA VIÐ STÆKKUN NORÐURÁLS Rétt vísun er á vefsvæði álversins á heimasíðu ráðuneytisins.

## Ráðuneyti vísar rangan veg

Ár og dagar virðast síðan hluti vefs iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins var uppfærður. Á síðu með tenglum á stofnanir tengdar iðnaði og viðskiptum eru nokkrar rangfærslur auk þess sem vísad er á síður sem ekki eru til.

Vísad er á heimasíðu Aflvaka, sem hætti starfsemi um síðustu mánaðamót. Vísad er á heimasíðu Búnaðarbanka Íslands, sem heyrir sögunni til og síðan því líka. Vísad er á síðu Íslenskrar nýorku sem fengið hefur nýtt lén. Vísun á síðu álversins í Straumsvík er undir heitinu Íslenska álfélagið en nokkur ár eru síðan nafni félagsins var breytt í Alcan á Íslandi. Vísad er á síðu Íslandsbanka - FBA sem aðeins heitir Íslandsbanki í dag. Vísad er á síðu Star, samstarfsnefndar um staðarvalsathuganir iðnaðarsvæða á Reyðarfirði, en það fyrirbæri er ekki lengur til. Vísad er á síðu Verslunarráðs sem í dag heitir Viðskiptaráð. Þá er vísad á síðu Verðbréfaþings sem nú heitir Kauphöll Íslands.

## Lýsi talið hollt

Mikill meirihluti þátttakenda í skoðanakönnun á vef Lýsis hf, lysi.is, telur að lýsi sé hollt.

Spurt var: Telur þú að lýsi sé hollt? Tæp 92 prósent sögðu svo vera, rúm fjögur prósent sögðu nei og fjögur prósent sögðust ekki vita það.

Niðurstöðurnar koma vart á óvart því almennt er það nú trú manna að lýsi sé hollt, jafnvel meinholtt.

LÝSI ER HOLLT Það er almenn skoðun svaraenda í nýrri könnun.



www.toyota.is

## Umhverfisvænn lúxus á vingjarnlegu verði

### Prius – Framtíðin hefst í dag

Prius sameinast frábæra aksturseiginleika og umhverfisvernd. Samspil rafmagns- og bensínvélar gerir að verkum að útblástur sem bifreiðin gefur frá sér er í lágmarki án þess að nokkuð sé slegið af kröfum um gæði og aksturshæfni. Þetta setur Prius í fyrsta sæti á meðal allra sem

hafa sterka meðvitund um umhverfisvernd. Í þeim flokki eru margar af frægustu stjörnum Hollywood, Cameron Diaz, Leonardo Di Caprio, John Travolta og fleiri. Við bjóðum hann hins vegar á þannig verði að þú þarft ekki að vera nein stjarna til að eignast, aka og njóta Prius.

Verð **2.440.000 kr.**



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460 4300

Toyota Reykjaneshæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjaneshæ  
Sími: 421 4888

Toyota Selfossi  
Fosnesi 14  
Selfoss  
Sími: 480 8000

# NÝTT NAFN NÝ TÆKIFÆRI


*Íslandsbanki og 7 dótturfyrirtæki  
og starfsstöðvar hafa sameinast  
undir einu nafni – Glitnir*

Stóraukin umsvif bankans á erlendri grund skapa fjölmörg tækifæri. Samræmd ásýnd og nýtt nafn sem auðvelt er í meðförum um allan heim mun auðvelda okkur að skapa enn fleiri tækifæri og nýta þau til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar.

Undir nýju nafni mun Glitnir vera betur í stakk búinn en nokkru sinni til að vinna að fjárhagslegri velgengni viðskiptavina sinna.

**FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN  
ER OKKAR VERKEFNI**






PIVITA MUSIB / SIA



> SVONA ERUM VIÐ

Hlutfall karla og kvenna sem eru prófessorar, dósentar og lektorar við íslenska háskóla



Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: VÍTISENGLAR

## 99 prósent mótorhjólasamtök

Mótorhjólasamtökin Vítisenglar hafa kært Disney fyrirtækið fyrir að nota nafn og merki klúbbsins, sem eru skráð vörumerki, í kvikmynd sem er fyrirhugað að hefja tökur á í vor. Forsvarsmenn samtakanna segjast ekki hafa fengið í hendur handrit kvikmyndarinnar en hún fjallar um hóp miðaldra mótorhjólakappa sem rekst á Vítisengla á ferð sinni um Bandaríkin.



Í gegnum tíðina einkum snúið að umfangsmikilli glæpastarfermi á borð við vandi og

fíkniefnasölu. Forsvarsmenn samtakanna hafa unnið að því að bæta mynd Vítisengla og halda því fram að megnið af þeim sé löghlýðnir borgarar. Sjálfir kynna þeir sig sem 1 prósent samtök og eiga með því við að 99 prósent Vítisengla séu löghlýðnir og aðeins eitt prósent félagsmanna séu glæpamenn sem skapa það óorð sem fer af samtökunum. Einnig saka þeir fjölmiðla um að kynna undir þessari slæmu mynd með ósanngjarnri umfjöllun.

Frægasti Vítisengillinn

Ralph „Sonny“ Barger, stofnmeðlimur samtaka Vítisengla í Oakland í Bandaríkjunum er einna frægasti Vítisengillinn. Sjálfsævisaga hans, Hells Angels: The life and times of Sonny Barger and the Hells Angels motorcycle club, varð metsölubók í Bandaríkjunum.

### SPURT OG SVARAÐ: SKÓGAR Í ÞÁGU LÝÐHEILSU

## Skógar bæta líðan og geð

Athyglisverð ráðstefna sem bar yfirskrifina Skógar í þágu lýðheilsu fór fram um helgina en þar kynntu fjölmargir aðilar nýja sýn á skóga sem útivistarsvæði og gildi slíkra svæða fyrir líf og heilsu landsmanna. Erlendis hefur sama umræða átt sér stað lengi og telja margir að ekki finnist betri eða hollari útivist en í skóglendi. Brynjólfur Jónsson er framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands.

**Hvað er þarna um að ræða?**  
 Þetta er nýtt fyrir okkur hér en hefur lengi verið ofarlega á baugi erlendis víða og við viljum vekja athygli á hérlendis. Meiningin er að skóglendi hafi beinlínis jákvæð áhrif á lýðheilsu almennings með ýmsum hætti og að markmiðin eigi að vera meira í þá átt að byggja upp slíka staði nálægt þéttbýlum svæðum og leggja í staðinn minni áherslu á nýttaskóga eins og við til dæmis gerum hér.

**Hvernig eru áhrif skóganna jákvæð?**  
 Það er svo mikil fjölbreytni í skógunum. Þeir breytast eftir árstíðum en veita nær alltaf skjól og vernd fyrir veðri og vindum, jafnvel um hávetur. Skynjun fólks á skógunum er breytileg og þeir hafa mismunandi áhrif á hvern og einn en nær alltaf jákvæð áhrif. Þar má yfirleitt finna kyrrð og ró og í því samfélagi sem hér er orðið er það nokkuð sem við verðum að varðveita og helst auka. Erlendis sýna kannanir að sé til fallleg gróðurvin nálægt borgum sækja allt að níutíu prósent íbúanna í skógin á einhverjum tímapi. Því fleiri sem komast á þá skoðun, því líklegra er að fjármagni verði veitt til slíkra verkefna.

**Er ætlunin að efla slíka skógrækt í framhaldinu?**  
 Sé fólk meðvitað um að dvöl í falllegum skógi er til heilsuþótar og almennrar ánægju er ekki útilokað að almenningur kalli eftir fleiri slíkum svæðum í framtíðinni. Víða er gott svæði til uppbyggingar og margir geta vart beðið eftir að vinnudagurinn endi svo hægt sé að taka göngutúr um gróði og falllegt svæði. Því fleiri sem komast á þá skoðun, því líklegra er að fjármagni verði veitt til slíkra verkefna.



## Fríblöðin eru mest lesnu dagblöðin

Lestur dagblaða á heimsvísu hefur tekið miklum breytingum með tilkomu fríblaða og aukins framboðs fréttá veraldarvefnum. Fríblöð hér á landi eru vandaðari en fríblöð annars staðar í heiminum, segir Þorbjörn Broddason prófessor.



Með betra aðgengi að fjölmiðlum, sérstaklega á veraldarvefnum, hefur lestur fólks á dagblöðum breyst.

Margir sérfræðingar á sviði fjölmiðla á heimsvísu spáðu því í kringum síðustu aldamót að lestur á dagblöðum í heiminum ætti eftir að dragast stórlega saman vegna góðs aðgengis af fréttaflutningi á veraldarvefnum sem ekki þyrfti að borga fyrir.

Þvert á spár hefur lestur á dagblöðum haldist nokkuð stöðugur, þrátt fyrir sífellt ítarlegri fréttflutningi á veraldarvefnum þar sem ljósvakamiðlar eru meðal annars farnir að senda út efni í stórum stíl.

Hins vegar hafa mörg áskriftarblöð í heiminum fundið sig knúin til þess að stokka upp í rekstri og stýringu, til þess að bregðast við nýjum aðstæðum.

**ÍSLENSKU DAGBLÖÐIN** Aukið aðgengi fólks að fréttaflutningi, bæði á innlendum og erlendum fréttamiðlum, hefur haft mikil áhrif á lestu dagblaða í heiminum. Fríblöð verða sífellt vinsælli, á meðan áskriftarblöð þurfa að hafa meira fyrir því en áður að ná til lesenda.

hluti fréttá í blöðunum endurflutningur annarra fjölmiðla. Faglegu fréttavinnunni er því ekki alltaf sinnt sem skyldi á fríblöðunum. „Oftar en ekki eru þessi blöð ekki með sýnilega sjálfstæða ritstjórnarstefnu, og í því felast oft á tíðum erfiðleikar blaðanna til lengri tíma,“ segir Þorbjörn.

**Fríblaðahugmyndin endurbætt á Íslandi**  
 Fréttablaðið var fyrsta fríblaðið hér á landi sem var dreift í stóru upplagi út um allt land.

Líkt og Metro var hugmyndin sú að ná til nógu stórs hóps lesenda til þess að auglýsendur sæu sér hag í því að auglýsa í blaðinu. Auk þess hefur frá upphafi verið mikið lagt upp úr faglegum fréttaskrifum. „Í upphafi átti Fréttablaðið í erfiðleikum. Það endaði með því að það komst í þrot. Síðan komu að Fréttablaðinu nýir eigendur sem biðu þolinmóðir eftir því að íslenska fríblaðshugmyndin fengi að þroskast.“

Þorbjörn segir Fréttablaðið skera sig nokkuð frá mörgum fríblöðum í Evrópu. „Ég lít svo á að hugmyndin að Fréttablaðinu sé endurbætt útgáfa af dæmigerðu fríblaði í Evrópu. Fréttablaðið hefur náð virðingu lesenda með því að leggja meira upp úr vandabíur umfjöllun en mörg fríblöð erlendis. Þannig hefur það náð

góðri fótfestu á markaði hér á landi, sem erfiðt var að sjá fyrir í upphafi.“

**Tvö fríblöð á íslenskum markaði**  
 Blaðið, sem er fríblað líkt og Fréttablaðið, bættist í hóp íslenskra dagblaða á síðasta ári.

Karl Garðarsson, framkvæmdastjóri Árs og Dags sem gefur út Blaðið, telur að fríblöð fái í framtíðinni sífellt stærri hluta af dagblaðamarkaði, bæði hér á landi og erlendis. „Mér finnst líklegt að fríblöð erlendis verði staðbundnari en sams konar blöð hér á landi. Það verður ekki mikið um fríblöð á landsvísu erlendis, heldur verður frekar einblínt á ákveðnar borgir eða landshluta. Hins vegar er hægt að haga dreifingarmála hér á landi þannig að blöðin berist inn á heimili um allt land.“

Karl telur að Fréttablaðið og Blaðið verði um næstu áramót mest lesnu blöð landsins. Í dag hefur Fréttablaðið töluvert forskot á keppinauta sína.

Morgunblaðið, sem er áskriftarblað, kemur næst á eftir Fréttablaðinu með um 54 prósentu meðallestur.

Karl telur Morgunblaðið líklegt til þess að halda stöðu sinni á markaði, en jafnframt muni aðlögun blaðsins að breyttu landslagi fjölmiðla taka nokkurn tíma. „Ég held að það sé pláss fyrir tvö stór fríblöð en markaðurinn þolir hins vegar ekki fleiri fríblöð en það. Ég held að Fréttablaðið og Blaðið verði með svipaðan lestur um næstu áramót. Þar mun svipuð dreifing að sjálfsögðu ráða mestu.“

# DV

## Hefur þú séð DV í dag?

**ARTHUR GEIR BALL VARÐ FYRIR FOLSKULEGRI LIKAMSAÐAS**

**Reyndi að drepa mig með straujárninu**

**„AUGAÐ Á HONUM STÓÐ ÚT Í LOFTIÐ,“ SEGIR MAMMA ARTHURS**


**Fyrirmynd fríblaða er frá Svíþjóð**

Þorbjörn Broddason, prófessor í fjölmiðlafræðum við Háskóla Íslands, segir hugmyndina að fríblaði mega rekja til útgáfu á sænska blaðinu Metro. Hugmyndin með því var að ná upp markvissri dreifingu með ódýrum hætti og selja svo auglýsingar í blaðið. „Metro heppnaðist afar vel. Því var dreift á lestarstöðum og á opinberum vettvangi, og á þeim tíma var það nýmæli.“


Erfiðasti þroskuldurinn fyrir fríblöðin að yfirstíga hefur til þessa verið að skapa sér virðingu meðal lesenda. Vegna þess hversu lítill tími fer í lestur blaðanna hjá fólki á lestarferðum sínum í borgum Evrópu er ritstjórn þessara blaða oft þunnskipuð og meiri-

**LESTUR DAGBLAÐA Á ÍSLANDI**

Meðallestur dagblaða frá október 2001 til janúar 2006



**LESTUR FRÍBLAÐA Á ÍSLANDI**



FRÉTTASKÝRING  
 MAGNÚS HALLDÓRSSON  
 magnush@frettabladid.is



# Tallinn

34.790 kr.

# Vilnius

33.290 kr.

# Sofia

46.990 kr.

Bæklingurinn er kominn út

Beint flug  
í október  
og nóvember

# Haustveisla

## Terra Nova 2006

Glæsilegir nýir  
áfangastaðir í beinu  
flugi frá Íslandi

FRÁBÆRT  
VERÐ!

Kynntu þér glæsilegt ferðaúrval Terra Nova og tryggðu þér  
vinsælustu ferðirnar strax á [www.terranova.is](http://www.terranova.is)

Bókaðu á  
[www.terranova.is](http://www.terranova.is)

Tryggðu þér lægsta verðið – núna!





## INNLIT

Thorsten og Lovísa Lóa eru alltaf að breyta og bæta

HÚS 6



# allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

### FASTEIGNASÖLUR

Atlas	35
Ás	14-16
Ásbyrgi	34
Árborgir	39
Bakki	37
Bífröst	33
Draumahús	25-30
Eignastýring	18
Fasteignastofan	13
FMG fasteignasala	21
FMH fasteignasala	10
Fyrirtækjasala Íslands	45
Foss	17
Hof	37
Hól	31
Húsalind	13, 32
Húseign	37, 42
Húsið	22-23
Höfði	40
Lundur	8-9
Lyngvík	12
Neteign	39
Nýtt	19
Perla investment	11
Remax Mjódd	21,36
Saga fasteignir	41
Valhöll	38
Viðskiptahúsið	31
X-hús	32

### GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn  
13. mars, 72. dagur ársins  
2006.



Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag
Reykjavík	7.54	13.37
Akureyri	7.40	13.22


Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími  
550 5000

Auglýsingasími Allt  
550 5880

Þú getur pantað  
smáauglýsingar á visir.is



Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

## Útsýni til fjalla

Einbýlishús á fallegum útsýnisstað í  
lokaðri botlangagötu.

Fasteignasalan Húsið er með 191 fermetra, tveggja hæða einbýlishús til sölu ásamt 27 fermetra innbyggðum bílskúr. Á neðri hæðinni er flísalagt anddyri, herbergi og lítið salerni með flísalögðum sturtuklefa. Auðvelt væri að útbúa stúdíóbúð úr þessu rými.

Stigi liggur upp á næstu hæð en þar eru tvö herbergi með skápum, baðherbergi með sturtuklefa og baðkari, stórt sjónvarpsherbergi og blómaskáli með upphituum flísum í gólf. Af hæðinni er útgengt á stóra afgirta verönd og þaðan út í garð.

Hluti efri hæðarinnar er á palli en þar er borðstofa, stofa og rúmgott eldhús með eikarinnréttingu. Einnig er þar þvottahús með vaski og skápláss, stór kæligeymsla og flísalagðar svalir með útsýni til fjalla.

Parkett er á gólfum hússins að frátöldu anddyri, þvottahúsi, salernum og blómaskála sem öll eru flísalögð. Innbyggði bílskúrinn er með hillum á vegg, heitu og köldu vatni og sjálfvirkum hurðaopnara. Í garðinum er útihús og hiti er undir hellum við húsið.

Húsinu hefur verið vel við haldið, hluti af því er nýmálaður og nýtt gler er í opnanlegum gluggum. Ásett verð er 49 milljónir.

### Verkvið kynnt

VERK OG VIT 2006 ER FÍRSKRIFT SÝNINGAR SEM VERÐUR OPIN ALMENNINGI 18.-19. MARS Í NÝJU ÍPRÓTTA- OG SÝNINGARHÖLLINN Í LAUGARDAL EN FAGAÐILUM Í TVÖ DAGA ÁÐUR.

Þýska stórliðið Flensburg hefur áhuga á að fá landsliðsmanninn Sigfús Sigurðsson til sín fyrir næstu leiktið en liðið er í leit að leikmanni til að fylla skarð Glenn Solberg frá Noregi, sem mun hætta hjá liðinu í lok þessa leiktiðar. Solberg hefur verið lykilaður í vörn Flensburg undanfarin ár og sjá forráðamenn félagsins Sigfús sem kjörin arftaka hans. Eins og kunnugt er á Sigfús á brattann að sækja hjá Magdeburg eftir að nýr línumaður var keyptur til liðsins og hefur honum verið sagt að hann megi fara frá félaginu.

Fyrir hjá Flensburg er danski línumaðurinn Michael Knudsen, sem þykir einn besti sóknarlínumaður heims, svo að ljóst er að Sigfús yrði fyrst og fremst hugsaður í vörnina hjá liðinu. Sigfús

sagði við Fréttablaðið að hann gæti vel hugsað sér að spila nánast eingöngu í vörn hjá liði sem væri í fremstu röð, en það hefur Flensburg verið í mörg ár. „Ég er kominn á aldur og skrokurinn er farinn að segja til sín þannig ef ég kæmist í gott lið þar sem ég fengi að spila í vörn og stöku sinnum í sókninni þá yrði ég sáttur,“ sagði Sigfús. Flensburg er sem stendur í 3. sæti þýsku úrvalsdeildarinnar og þá er liðið komið í undanúrslit Meistaradeildarinnar þar sem það mætir Ólafi Stefánssyni og félagnum í Ciudad Real.

Yfirstjórn Magdeburg í Þýskalandi mun hittast á næstu dögum til að ræða störf Bernd-Uwe Hildebrand, framkvæmdastjóra handboltaliðs félagsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun stjórnin vera að hittast til að athuga hvort Hildebrand njóti nægilega mikils trausts til að halda starfi sínu áfram, en allt frá því að hann tók þá ákvörðun, nánast einsamall, að reka Alfreð Gíslason úr starfi sínu sem þjálfari liðsins hefur vaxandi ónægja gert vart við sig á meðal stuðningsmanna og nokkurra leikmanna félagsins.



### > Markús Máni kominn í gang

Landsliðsmaðurinn Markús Máni Michaelsson lék sinn fyrsta leik í fjóra mánuði í gær þegar lið hans Düsseldorf vann öruggan sigur á Minden í þýsku úrvalsdeildinni í handbolti. Markús Máni kvaðst mjög ánægður að vera byrjaður að spila á ný þegar Fréttablaðið ræddi við hann eftir leikinn, en hann skoraði þrjú mörk í þremur skottíraunum. „Ég man ekki eftir því þegar ég var síðast með 100% nýtingu,“ sagði Markús Máni og hló. „Ég spilaði stærstan hluta leiksins í sókninni og gekk svona ljómandi. Þetta hafa verið effirir mánuðir í endalausri sjúkralþjálfun en ég virðist vera orðinn heill og kenndi mér einisk meins í þessu leik.“



Þýski handboltinn:

## Einar skoraði ellefu mörk

**HANDBOLTI** Einar Hólmgeirsson er greinilega búinn að ná sér eftir höfuðhöggið sem hann hlaut gegn Króatíu á EM í Sviss í síðasta mánuði en hann átti sannkallaðan stórleik og skoraði 11 mörk fyrir Grosswallstadt sem sigraði Pfullingen í þýsku úrvalsdeildinni á laugardagskvöld, 30-24. Alexander Petersson lék ekki með Grosswallstadt þar sem hann er ennþá að jafna sig eftir kjálkabrot.

Aðrir íslenskir leikmenn í Þýskalandi höfðu heldur hægar um sig en Snorri Steinn Guðjónsson skoraði þrjú mörk fyrir Minden, sem tapaði fyrir Düsseldorf 35-27. Markús Máni Michaelsson sneri aftur úr meiðslum í leiknum og skoraði einnig þrjú mörk. Gylfi Gylfason skoraði eitt mark fyrir Wilhelmshaven sem tapaði fyrir Flensburg, 33-15, og Þórir Ólafsson skoraði eitt mark fyrir Lubbecke sem lagði Nordhorn. Þá skoraði Jalesky Garcia eitt mark fyrir Göppingen sem vann Wetzlar 37-27. Róbert Sighvatsson skoraði eitt mark fyrir Wetzlar. Hvorki Sigfús Sigurðsson né Arnór Atlason skoruðu fyrir Magdeburg í tapi gegn Kronau-Östingen. - vig

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

10 11 12 13 14 15 16

#### Mánudagur

##### ■ ■ SJÓNVARP

- 08.00 Helgaruppgjör á Ensku boltanum.
- 16.00 Ensku mörkin á RÚV.
- 20.10 Skólahreysti á Sým.
- 20.55 Ítölsku mörkin á Sým.
- 21.25 Ensku mörkin á Sým. Mörkin úr ensku 1. deildinni.
- 21.55 Spænsku mörkin á Sým.

# Gerrard færði Arsenal sigurinn

Skelfileg mistök fyrirliðans Steven Gerrard skömmu fyrir leikslok færðu Arsenal þrjú stig á silfurfati í stórleik gærdagsins í enska boltanum. Wayne Rooney skoraði tvívegis fyrir Man. Utd. gegn Newcastle.

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, gerði sig sekan um hræðileg mistök á 82. mínútu leiksins gegn Arsenal í gær sem urðu til þess að þeir rauðklæddu töpuðu leiknum. Gerrard ætlaði að gefa boltann aftur á markmanninn Jose Reina en á einhvern ótrúlegan hátt tók hann ekki eftir hinum eittraða Thierry Henry, sem komst fyrir sendinguna, fór auðveldlega framhjá Reina og setti boltann í autt markið.

„Ég tók eftir því að Gerrard sá mig ekki og ákvað að taka áhættuna og hlaupa inn í sendinguna. Ég geri þetta oft í leikjum en það heppnast næstum aldrei. Gerrard var óheppinn að það gerði það í þetta skiptið,“ sagði Henry í leikslök. Þetta mark Henry var hans annað í leiknum en áður hafði hann komið Arsenal yfir um miðjan fyrri hálfleik með laglegu marki. Það mark var fyllilega verðskuldað þar sem Arsenal var mun sterkari aðili í fyrri hálfleik en leikmenn Liverpool bitu í skjaldarrendurnar



**RAUDA SPJALDIÐ** Xabi Alonso datt á Philippe Senderos og hlaut sitt annað gula spjald fyrir. Örskömmu síðar skoraði Thierry Henry sigurmark leiksins. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

í þeim síðari og uppskáru jöfnunarmark þegar Luis Garcia fylgdi eftir skoti Gerrard á 76. mínútu.

Tveimur mínútum síðar var Xabi Alonso ranglega vísað af velli þegar hann rann á vellið og á Philippe Senderos. Rauða spjaldið breytti leiknum, Arsenal

náði undirtökunum og skoraði sigurmarkið. „Dómarinn var of fljótur á sér. Þetta voru stór mistök,“ sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool, og vildi ekki kenna Gerrard um tapið. „Hann ætlaði að gefa til baka en sá ekki Henry. Þetta getur komið fyrir alla,“ sagði hann.

Hörður Sveinsson skoraði tvö og lagði upp eitt í sínum fyrsta leik með Silkeborg:

## Ekki hægt að biðja um það betra en þetta

**FÓTBOLTI** Sóknarmaðurinn Hörður Sveinsson sló í gegn í sínum fyrsta leik með Silkeborg í dönsku úrvalsdeildinni í gær en hann skoraði tvö mörk og lagði upp eitt í 3-2 sigri Silkeborg á Viborg. Hörður kom Silkeborg í 1-0 og 2-1 og lagði síðan upp sigurmarkið með snilldarsendingu inn fyrir vörn Viborg sem rataði í fætur félagi hans í fremstu víglínu.

„Þetta var frábært. Það er ekki hægt að biðja um það betra en þetta,“ sagði Hörður í skýjunum við Fréttablaðið skömmu eftir leikinn. Hörður skoraði fyrri markið með hnitmiðuðu skoti og



**HÖRÐUR SVEINSSON** Skoraði tvö og lagði upp eitt í sínum fyrsta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

það seinna með því að fylgja eftir skoti frá sjálfum sér sem markvörður Viborg hafði varið. Bjarni Ólafur Eiríksson var einnig í byrjunarliði Silkeborg í leiknum sem vinstri bakvörður en báðir gengu þeir til liðs við félagið í janúar.

„Bjarni stóð vel fyrir sínu í leiknum og þjálfarinn var mjög ánægður með okkur. Það hefur gengið mjög vel að aðlagast og venjast danska boltanum, sem er mun hraðari og betri en sá íslenski. En svona byrjun gefur manni aukið sjálfstraust fyrir framhaldið,“ sagði Hörður.

- vig

### ÚRSLIT GÆRDAGSINS

#### Ensku úrvalsdeildin:

MAN. UTD.-NEWCASTLE	2-0
1-0 Wayne Rooney (8), 2-0 Wayne Rooney (12).	
CHARLTON-MIDDLESBROUGH	2-1
1-0 Darren Bent (73), 1-1 Mark Viduka (81), 2-1 Darren Bent (86).	
ARSENAL-LIVERPOOL	2-1
1-0 Thierry Henry (21), 1-1 Luis Garcia (76), 2-1 Thierry Henry (83).	

#### STADA EFSTU LIÐA:

CHELSEA	29	24	3	2	58-18	75
MAN. UTD	28	18	6	4	56-28	60
LIVERPOOL	29	16	7	6	34-19	55
TOTTENHAM	29	13	10	6	41-28	49
ARSENAL	29	14	5	10	45-23	47
BLACKBURN	29	14	4	11	38-34	46
BOLTON	27	12	9	6	37-28	45
WIGAN	29	13	4	2	34-36	43

## MESTA ÚRVAL LANDSINS

AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM

**VÍKUR**  
V · E · R · K

VIÐ TÖKUM VAGNINN ÞINN STRAX UPPÍ NÝJAN  
GÆÐI OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!

www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720

Tímabilið í formúlu 1 hófst í Barein í gær:

## Alonso byrjaði með sigri

**FORMÚLA** Heimsmeistarinn Fernando Alonso hóf titilvörnina í Formúlu 1 á besta mögulega hátt í gær. Þá sigraði hann á fyrsta móti tímabilsins, sem fram fór í Barein, en Michael Schumacher hafnaði í öðru sæti, tveimur sekúndum á eftir Alonso. Þeir tveir höfðu mikla yfirburði í kappakstrinum, Þjóðverjinn hafði forystu framan af en frábært bensínstopp Alonso færði honum efsta sætið um miðbik kappakstrursins.

„Ég er mjög sáttur með kappaksturinn í dag og ég kvarta ekki yfir öðru sætinu,“ sagði brosmildur Michael Schumacher í gær, en Ferrari-bíllinn er augljóslega í mun betra standi en í fyrra. Alonso var að vonum kátur með sigurinn. „Þetta er fullkomin byrjun fyrir okkur á tímabilinu en svo virðist sem keppnin í ár

verði jafnari en í fyrra,“ sagði Alonso.

Margir vilja meina að hinn sanni sigurvegari kappakstrursins í gær hafi verið Finninn Kimi Räikkönen en hann ræsti síðastur allra okumanna eftir að hafa klikkað í tímatökunni á laugardag. Räikkönen ók stórkostlega og fór fram úr hverjum keppnautinum á fætur öðru og endaði í 3. sæti. „Bíllinn var frábær og ég vissi að ég gæti náð þessu sæti,“ sagði Räikkönen eftir keppnina.

Þá vakti árangur nýliðans Nico Rosberg mikla athygli en hann náði sjöunda sætinu eftir að hafa keyrt út af strax á fyrsta hring og tapað miklum tíma. Hann keyrði hins vegar frábærliga eftir það og keyrði meðal annars hraðasta hring keppninar. - vig

## ÚR SPORTINU

Gylfi Þór Sigurðsson, átján ára unglíngalandsliðsmaður, átti stórleik fyrir lið sitt Reading þegar u-19 ára lið félagsins tapaði fyrir Chelsea á laugardag, 4-2. Eftir því sem stuðningsmenn Reading segja á spjallsíðum var Gylfi Þór langbesti leikmaður liðsins í leiknum en hann lagði upp bæði mörk sinna manna.

Þat Reily, þjálfari Miami Heat í NBA-deildinni, segir að Dwyane Wade, sem farið hefur á kostum með liðinu í vetur, sé hæfileikaríkasti leikmaður sem hann hafi nokkurn tíma þjálfað. „Hann er gríðarlega mikill íþróttamaður og ef litid er til allra þátta hefur hann líklega mestu hæfileikana,” segir Riley, sem m.a. hefur þjálfað Magic Johnson og Kareem Abdul-Jabbar á sínum ferli. „Johnson kemst ekki nálægt því sem Wade getur gert, þegar litid er til líkamlegra þátta,” segir Riley.



Valur er þessa dagana með belgískan varnarmann á reynslu hjá sér. Hinn 33 ára gamli leikmaður heitir Sadio Ba og býr yfir mikilli reynslu frá belgísku úrvalsdeildinni, en þar hefur hann leikið með St. Truiden, Lokeren og Westerlo. Ba verður hjá Val út þessa viku.

Híð virta breska dagblað The Observer greindi frá því í gær að Arsene Wenger, stjóri Arsenal, hygðist bjóða í David Beckham hjá Real Madrid í sumar. „Ég veit ekki hvað hann ætla sér en sem leikmaður er Beckham í miklum metum hjá mér,” hefur blaðið eftir Wenger.

Hrakfarir brasilíska framherjans Ronaldo hjá Real Madrid virðast engan enda ætla að taka en á laugardagskvöldið fékk hann upplagt tækifæri til að verða tekinn í sátt af stuðningsmönnum liðsins. Þá tók hann vítaspyrnu sem Real fékk á 90. mínútu stórleiksins gegn Valencia en svo fór að Santiago Canizares varði slaka spyrnu hans. Lokatölur urðu því 0-0.

Skiðakonan Dagný Linda Kristjánsdóttir hafnaði í 3. sæti á stórvígsmeiði sem fram fór í Þýskalandi á laugardaginn. Þessi árangur Dagnýjar þykir mjög góður og færir henni rúm 30,17 FIS stig, sem gerir það að verkum að hún mun líklega taka gott stökk upp heimlistann í greininni.

Ólafur Stefánsson skoraði sjö mörk fyrir lið sitt Ciudad Real sem sigraði Cangas, 30-25, í spænsku úrvalsdeildinni í handbolta á laugardag. Barcelona er efst í deildinni með 38 stig en Ciudad Real er í 3. sæti með 34 stig.

Juventus og AC Milan skildu jöfn í stórslag itölsku úrvalsdeildarinnar í gærkvöldi, 0-0. Leikurinn náði aldrei þeim hæðum sem vonast var eftir og var lítið um færi hjá báðum liðum. Juventus er því áfram með 10 stiga forystu á toppi deildarinnar og á titilinn næsta vísan.

Míðjumaðurinn Jóhannes Gíslason hefur gengið til liðs við Þrótt í 1. deildinni og fylgir þar með bróður sínum Þorsteini sem nýlega skrifaði einnig undir samning við Reykjavíkurlíðið. Báðir hafa þeir verið á mála hjá ÍA undanfarin ár.

Þjóðverjinn André Miklaus sigraði óvænt í sjöþraut á HM í frjálsum íþróttum í gær. Tveir sigurstrangleustu keppendurnir, Bryan Clay frá Bandaríkjunum og Roman Serble frá Tékklandi, urðu í 2. og 3. sæti. Miklaus sigraði í síðustu tveimur keppnisgreinum, stangarstökk og 1000 metra hlaupi, og stakk sér þannig í efsta sætið. Niklaus hlaut 6.192 stig og Clay 6.187 stig en Serble 6.161 stig.

## Sigur liðsheildarinnar

Framarar halda efsta sætinu í DHL-deild karla en þeir unnu tíu marka sigur á KA í gær 37-27. Haukar fylgir Fram eins og skugginn og eru áfram í 2. sæti.

**HANDBOLTI** KA-menn byrjuðu betur í Safamýrinni í gær og skoruðu þrjú fyrstu mörkin en þá komust Framarar í gang, lokuðu vörninni og voru með þriggja marka forskot í hálfleik. Í seinni hálfleiknum má síðan segja að aðeins eitt lið hafi verið á vellinum og tíu marka sigur heimamanna, 37-27, varð staðreynd.

„Það tók okkur smá tíma að vakna en hægt og rólega komumst við inn í leikinn. Við náðum góðri forystu sem byggðist á mjög góðri vörn og öguðum sóknarleik. Liðsheildin var mjög sterk, liðið vann mjög vel saman í vörn og sókn. Við byggjum ekki á einum eða tveimur leikmönnum og það er mjög jákvætt fyrir okkur,” sagði Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, eftir leikinn en framundan er spennandi lokaspættur í deildinni.

„Ég er mjög ánægður með hvernig við náðum að klára leikinn því við höfum stundum náð góðri forystu en misst hana síðan niður. Nú heldur baráttan í deildinni áfram, við höfum ungt lið og



ÁRANGURSLAUST Varnarmenn KA reyna hér að stöðva Jóhann Einarsson, sem skoraði átta mörk í leiknum.

ætlu bara að stíga eitt skref í einu,” sagði Guðmundur.

Jóhann Einarsson var markahæstur hjá Fram með átta mörk en annars dreifðist markaskorun vel hjá liðinu. Varnarleikur liðsins með Sverri Björnsson í farabroddi var mjög góður og virðist góður andi ríkja innan liðsins. KA-menn virtust gefast upp í seinni hálfleik og hafa haft trú á þessu,

„Leikur okkar hrundi í seinni hálfleik og ljóst að við þurfum að

endurskoða okkar leik. Í fljótu bragði finnst mér menn ekki hafa mætt tilbúinir í þennan leik. Við náðum engan veginn að skapa okkur færi í seinni hálfleik og vörnin hélt ekki. Þá var markvarslan nánast engin og ekkert gekk upp,” sagði Reynir Stefánsson, þjálfari KA.

Haukar elta Fram eins og skugginn en þeir unnu Selfoss auðveldlega á Ásvöllum í gærkvöldi, 33-28.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

## DHL-deild karla:

FRAM-KA	37-27
<b>Mörk Fram:</b> Jóhann Gunnar Einarsson 8, Stefán Stefánsson 6, Sigfús Sigfússon 5, Björgvin Björgvinsson 4, Þorri Gunnarsson 3, Haraldur Þorvaldsson 3, Guðjón Drengsson 3, Sverrir Björnsson 3.	
<b>Varin skot:</b> Magnús Erlendsson 5, Björn Friðbjófs-son 4, E. Petkevicius 1.	
<b>Mörk KA:</b> Elfar Halldórsson 5, Nikola Jankovic 5, Goran Gusic 4, Ragnar Snær Njálsson 4, Magnús Stefánsson 3, Andri Snær Stefánsson 1, Þorvaldur Þorvaldsson 1, Rögnvaldur Johnsen 1, Jónatan Magnússon 1, Sævar Árnason 1, Hörður Sigþórsson 1.	
<b>Varin skot:</b> Elmar Kristjánsson 10, Hreiðar Guðmundsson 5.	
HAUKAR-SELFOSS	33-28
FH-STJARNAN	26-31

## STADA EFSTU LIÐA:

FRAM	20	15	2	3	577-523	32
<b>HAUKAR</b>	<b>20</b>	<b>15</b>	<b>1</b>	<b>4</b>	<b>611-549</b>	<b>31</b>
VALUR	20	14	1	5	607-552	29
<b>STJARNAN</b>	<b>20</b>	<b>12</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>589-546</b>	<b>28</b>
FYLKIR	20	11	2	7	553-506	24

## DHL-deild kvenna:

FH-GRÓTTA	25-26
-----------	-------

## Ítalska úrvalsdeildin:

JUVENTUS-AC MILAN	0-0
-------------------	-----

## Deildarbikarinn:

VÍKINGUR ÓL-ÍBV	0-0
Slavisa Mitic - Atli Jóhannsson (2)	

TUCSON

2.0 bsk. kr. 2.390.000  
Kr. 25.388 á mánuði\*

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsing
- 6 loftþúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrklöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



Með bílinn handa þér

Flestum finnst vatnið betra vel kælt



**HYUNDAI** hefur gæðin

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Are you trying to develop a sense of humor or am I going deaf?“

SVAR: Indiana Jones úr kvikmyndinni Indiana Jones and the Temple of Doom frá árinu 1984.

# dagskrá



VIÐ TÆKID FREYR BJARNASON FYLLTIST NOSTALGÍU YFIR THE KARATE KID

## Gleymt „meistaraverk“ vakti lukku

Á meðan fjallað var um búningamál og annað sem engu skipti í upphitun fyrir óskarsverðlaunin á dögunum leitaði þumalfingurinn ósjálfrátt að plús-takkanum á fjarstýringunni, þyrstur eftir einhverju góðmeti. Skjár einn varð fyrir valinu enda á dagskrá engin önnur en hinn sígilda Karate Kid með hinum annars löngu gleymda Ralph Macchio í hlutverki Daniel LaRusso, ítalska stráksins sem varð fyrir aðkasti frá ljóshærðu brimbrettagaurunum í skólanum. Eins og svo margar aðrar myndir sem maður sá á sínum yngri árum og dýrkaði var Karate Kid ekki eins góð núna og hún var þá. Í minningunni var þetta snilldín ein þar sem Daniel-san lumbaði á vondu ljóshærðu strákunum með aðstoð meistarans Mr. Miyagi. Eitthvað hefur kvikmyndasmekkurinn þroskast síðan þá en engu að síður var gaman



að endurnýja kynni sín af myndinni. Ekta saga um baráttu góðs og ills þar sem hið góða vinnur á endanum eftir að hafa þurft að þola miklar hrakfarir. Eftir að hafa horft á myndina gat ég með herkjum stillt mig um að finna band til að setja um hausinn og taka nokkur karatespörk út í loftið eins og ég gerði eftir að hafa séð hana í bíói á sínum tíma. Karate Kid er mynd sem mun alltaf lifa í minningunni, rétt eins og „meistaraverk“ á borð við Indiana Jones, Súperman, The Goonies og hvað þær nú hétu allar.

RALPH MACCHIO Aðalleikari Karate Kid hefur gjörsamlega horfið af sjónarsviðinu.

**22.25**  
*Spenna*  
LOST

**21.45**  
*Keppni*  
THE APPRENTICE – MARTHA STEWART

**21.00**  
*Keppni*  
AMERICAN IDOL

**18:00**  
*Lífstill*  
6 TIL SJÓ

**20.10**  
*Fitness*  
SKÓLAHREYSTI 2006

SIJÓNVARPIÐ

2

SIRKUS

SKJÁREINN

SYN besta sánid

15.35 Helgarsportið 16.00 Enska mörkin 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Gurra grís (40:52) 18.06 Bú! (4:26) 18.16 Lubbi læknir (2:52)

6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Veggfóður 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Home Improvement 13.30 Thing You Can Tell Just by Looking at Her 15.15 Eldsnöggt með Jóa Fel IV 16.00 Shoebox Zoo 16.25 Yoko Yakamoto Toto 16.35 Stróri draumurinn 17.00 Kynn Kolla 17.10 Froskaljör 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons 15

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 19.30 Fashion Television Nr. 18 20.00 Friends (15:24) 20.30 Kallarnir Það eru þeir Gillzenegger og Party-Hanz sem taka hina ýmsu karlmenn úr þjóðfélaginu og markmiðið er að breyta þeim í hnakka.

7.15 6 til sjó (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Fasteignasjónvarpið (e) 15.35 Game tívi (e) 16.05 One Tree Hill (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjó

18.00 Íþróttaspjallið 18.12 Sportið

18.30 Eyðimerkurlið (2:6) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós 20.25 Átta einfaldar reglur (75:76) (8 Simple Rules) Bandarísk gamanþáttaröð. 20.50 Katla og Kötluvá Stutt mynd um hvernig viðbrögðum fólks skuli háttáð þegar Katla gýs. 21.05 Lífið í lággróðrinum (5:5) Breskur náttúrumyndaflokkur þar sem David Attenborough leiðir áhorfendur um undravörld skordýranna. 22.00 Tíufréttir 22.25 Lífsháski (32:49) (Lost II) Bandarískur myndaflokkur um strandgöngu á afskekktu eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag 19.35 Strákarnir 20.05 Grey's Anatomy (19:36) (Læknalíf 2)(Much Too Much) Öll deildin er í viðbragðsstöðu vegna yfirvofandi fimmburafæðingar. 20.50 Huff (5:13) 21.45 The Apprentice – Martha Stewart (2:14) (Lærlingurinn – Martha Stewart) Martha Stewart tekur að sér lærlinga og gerir úr þeim harðsvirða kaupsýslumenn. 22.30 Derek Acorah's Ghost Towns (3:8) (Draugabæli) Nýir draugarannsóknarþættir.

21.00 American Idol 5 (18:41) (Bandaríska stjörnuleitin 5) (Vika 8 – #520 – 8 Boys) Í kvöld eru það strákarnir sem stíga á sviðið. 21.50 American Idol 5 (19:41) (Bandaríska stjörnuleitin 5) Áfram er haldið að skera niður í American Idol. 22.40 Smallville (e) (Recruit)

19.00 Cheers 19.25 Fasteignasjónvarpið 19.35 Malcolm in the Middle (e) 20.00 The O.C. Marissa er byrjuð í nýjum skóla og Ryan verður afbrýðisamur úti alla nýju vini hennar. 21.00 The Handler Kona er grunuð um að nota stefnumótapjónustu til að finna sér rík fórnarlömb til að myrða. 22.00 C.S.I. CSI er frumleg og óvenjuleg glæpabáttaröð þar sem persónurnar nota tæknilegar meinafræðirannsóknir til rannsókna á sönnunargögnum sem sanna eiga glæpi af ymsu tagi. P 22.50 Sex and the City – 4. þáttaröð

18.30 Spænski boltinn (Osasuna – Barcelona) Leikur gærkvöldisins í spænska boltanum endursýndur. 20.10 Skólahreysti 2006 45 grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu keppa í Skólahreysti, fitnesskeppni grunnskólana. Keppt er í upphifingum armbeygjum, dýfu, fitnessgreip og hraðbraut. 20.55 Ítölsku mörkin (Ítölsku mörkin 2005-2006) 21.25 Enska mörkin Mörkin og marktakifærin úr enska boltanum, næstefstu deild. 21.55 Spænsku mörkin 22.25 Stump the Schwab (Veistu svárið?) 22.55 HM 2002 endursýndir leikir

23.15 Spaugstofan 23.40 Enska mörkin 0.35 Kastljós 1.35 Dagskrárlok

23.15 Meistarinn 0.05 Prison Break (Bönnuð börnum) 0.50 Rome 1.45 The Closer (B. börnum) 2.35 Thunderbolt (B. börnum) 4.20 Huff 5.15 Fréttir og Ísland í dag 6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

23.25 Idol extra 2005/2006 (e) 23.55 Friends (15:24) 0.20 Kallarnir (e)

23.20 Jay Leno 0.05 Boston Legal (e) 0.55 Threshold (e) 1.45 Cheers (e) 2.10 Fasteignasjónvarpið (e) 2.20 Óstöðvandi tónlist

0.35 Ítalski boltinn (Juventus – AC Milan)

STÖÐ 2 BÍÓ

OMEGA

E! ENTERTAINMENT

AKSJÓN

ENSKI BOLTINN

6.00 James Dean: Outside the Lines 8.00 One True Thing 10.05 Hildegard 12.00 My Cousin Vinny 14.00 One True Thing 16.05 Hildegard 18.00 James Dean: Outside the Lines 20.00 My Cousin Vinny (Vinný frændi) Gamannmynd um vinina Bill og Stan. 22.00 28 Days Later (28 dögum síðar) Stranglega bönnuð börnum. 0.00 Edge of Madness (Str. b. börnum) 2.00 Hunter: Return to Justice (B. börnum) 4.00 28 Days Later (Str. b. börnum)

Dagskrá allan sólarhringinn.

12.00 E! Entertainment Specials 13.00 E! News Weekend 14.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 15.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 16.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 17.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 18.00 Supermodels Gone Bad 18.30 Celebrity Soup 19.00 E! News Weekend 20.00 The E! True Hollywood Story 21.00 101 Sexiest Celebrity Bodies 22.00 Dr. 90210 23.00 Gastineau Girls 23.30 Gastineau Girls 0.00 E! News 0.30 Celebrity Soup 1.00 Dr. 90210 2.00 The E! True Hollywood Story

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

7.00 Helgaruppgjör (e) 8.00 Helgaruppgjör (e) 14.00 Sunderland – Wigan frá 11.05 16.00 Arsenal – Liverpool frá 12.03 18.00 Prumuskot 19.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e) 20.00 Everton – Fulham frá 11.03 22.00 Að leikslukum 23.00 Prumuskot (e) 0.00 Bolton – West Ham frá 11.03 2.00 Dagskrárlok

**RENAULT**

Vönduð frönsk hönnun  
Einstök þægindi  
Fallegir litir  
5 stjörnu NCAP öryggi  
Einstaklega sparneyttinn  
Hlaðinn staðalbúnaði  
3 ára ábyrgð

Renault Megane II Scenic, verð frá  
**kr. 2.130.000**  
Bílasamningur / Bílalan  
**kr. 23.050** á mánuði\*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

# SCENIC



Renault Megane II Scenic, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskíptur. Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla.

Renault Megane II Scenic

Renault Megane II Scenic Grand 7 manna

## VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum. Bílasamningur miðast við 70% lánslutfall í 84 mánuði.



Með bílinn handa þér

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Skólahreysti 2006

Sýn, kl. 20.10

## Grunnskólakeppni í fitnessþrautum

Í þessari grunnskólakeppni í fitnessþrautum er 45 skólum af höfuðborgarsvæðinu boðið til leiks en hver skóli má aðeins senda eitt lið til keppni. Hvert lið samanstendur af tveimur strákum og tveimur stelpum úr 9. og 10. bekk. Haldnar verða fjórar undankeppnir þar sem tveir skólar úr hverri keppni komast í úrslit en sýnt er frá keppnum í opinni dagskrá á Sýn á mánudögum. Úrslitin verða síðan haldin í Laugardalshöllinni 2. apríl og keppa átta skólar til úrslita. Keppnisgreinarnar eru upphíffing, armbeygjur, dýfur, fitnessgreip og hraðþrautir en Ívar Guðmundsson útvarps- og fitnesskappi kynnir keppnina og hvetur keppendur áfram.



## ■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

## Lausn á gátu gærdagsins

6	9	8	7	1	3	5	2	4
1	5	7	4	2	9	6	8	3
4	2	3	8	6	5	1	9	7
5	7	4	9	8	1	3	6	2
9	6	1	2	3	7	8	4	5
3	8	2	6	5	4	7	1	9
2	1	9	3	7	6	4	5	8
8	3	5	1	4	2	9	7	6
7	4	6	5	9	8	2	3	1

	7							8
8			1	6				
	6			4	1			
6	4	2						
	1		8		6			
				3	2			5
	7	6			3			
		3	7					9
2							5	



► 21.10  
Fréttir

60 MINUTES



7.00 Ísland í bítíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisfréttir - fréttaviðtal. 13.00 Íþróttir/lífsstíll 14.00 Hrafnáþing/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi

18.00 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/veður

19.45 Brot úr dagskrá

20.00 Fréttir

20.10 Silfur Egils Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.

21.00 Fréttir

► 21.10 60 Minutes Framúrskarandi fréttáþáttur sem vitnað er í.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Hrafnáþing/Miklabraut Hrafnáþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/veður 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnáþing/Miklabraut

## RÁS 1 FM 92,4/93,5



7.05 Morgunvaktin 9.03 Laufskálinn 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Stefnuþing 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vít og breitt 14.00 Fréttir 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegisútlit 15.03 Í þágu íbúanna 17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Söngvamáll 21.00 Hugsað heim 22.15 Lestur Passíusálma hefst 22.22 Úr tónlistarlífinu

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlit Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlit

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ungmennafélagið 21.30 Konsert 22.10 Popp og ról

## BYLGIJAN FM 98,9



5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 Effemm / Zúuber tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit  
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni  
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum  
FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 104,5 Rádió Reykjavík / Tónlist og afþreying

## Vildarþjónusta fyrirtækja



## Vildarþjónusta fyrirtækja

- Þinn eigin fyrirtækjafulltrúi
- Greiðsluþjónusta – frí fyrsta árið
- Frítt greiðslukort fyrsta árið
- Sérstakur sparnaðarreikningur, þrepaskiptur, óbundinn með hærri innlánsvöxtum
- SPH innkaupakort þér að kostnaðarlausu
- Afsláttur á lántökugjaldi
- Sérstök bílalan á betri kjörum

## Alltaf að vinna?

Í meira en 100 ár höfum við aðstoðað fyrirtæki við fjármálin. Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

Leyfðu okkur að aðstoða þig og nýttu tímann í annað.

SPH – fyrir þig og fyrirtækið!

sph

550 2000 | [www.sph.is](http://www.sph.is)



## HRÓSIÐ

...fær Þröstur Leó Gunnarsson leikari fyrir að láta tábrot ekki aftra sér við kvikmyndaleik.



## SÉRFRÆÐINGURINN ÁRNI MATTHÍASSON OG BESTA HLJÓMSVEIT MÚSÍKTILRAUNA

# Bootlegs var ógeðslega þétt

Músiktilraunir verða haldnar í 24. sinn dagana 20. til 31. mars. Í þetta sinn fer keppnin fram í Loftkastalanum og verður Árni Matthíasson, blaðamaður og Morgunblaðinu, yfirmaður dómnefndar sem fyrr.

Árni segist eiga mjög erfitt með að velja bestu hljómsveit allra tíma í keppninni. „Þetta eru 20. Músiktilraunirnar sem ég sé um og á þessum tíma hef ég séð um það bil 700 hljómsveitir. Þær hljómsveitir sem ég hafði hvað mest gaman af að sjá voru Bootlegs og Bee Spiders með Jónsa og Kjartani úr Sigur Rós. Þarna var Kjartan í minipíls og með hárkollu og þóttist vera kona,” segir Árni og glottir við tilhugsunina.

„Bootlegs er besta hljómsveit Músiktilrauna sem ekki vann. Þeir voru

ógeðslega þéttir og góðir og mikill kraftur í þeim. Þeir spiluðu ruslkennt rokk og kaflaskiptingarnar voru hraðar og síðan hafði söngvarinn sterka útgeislun,” segir hann.

Hvað varðar eftirminnileg atvik man Árni vel eftir hljómsveitinni Maunir



sem braut egg og gítar á sviðinu árið 1992. Meðlimir voru meðal annars Arnar Eggert Thoroddsen og Danni trommuleikari í Maus. „Þetta var mjög umdeild hljómsveit. Dómnefndin setti hana áfram og þá var ég sakaður um að hata tónlist af einum dómnefndarmanni. Þarna komst eiginlega upp um mig,” segir hann og hlær.

Árni segist hafa haft ótrúlega gaman af Músiktilrauninum í gegnum árin. „Konan mín er alltaf með mér og tekur myndir og ég hefði sennilega ekki nennt þessu annars. Á hverju vori ræðum við hvort þetta sé ekki orðið gott en við ákveðum alltaf að vera eitt árið í viðbót,” segir Árni og útlókar ekki að vera í dómnefndinni þar til hann fer á eftirlaun árið 2027. - fb



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

### LÁRÉTT

2 merki 6 frá 8 augnhár 9 al 11 á fæti 12 gangtegunð 14 vísa 16 2 eins 17 fúady 18 hlé 20 til dæmis 21 hræðsla.

### LÓÐRÉTT

1 spjall 3 í röð 4 íþrótt 5 til sauma 7 forhlaup 10 meðvitundarleysi 13 kóf 15 sál 16 nögl 19 tveir eins.

### LAUSN

16 kló, 19 tt.  
LÓÐRÉTT: 1 rabd, 3 áb, 4 krikket, 5 lot, 20 td, 21 ótti.  
LÁRÉTT: 2 tákni, 6 af, 8 brá, 9 bor, 11



GRÉTAR REYNISSON Leikmyndin á ekki sist stóran þátt í velgengi sýningarinnar en Grétar Reynisson á heiðurinn af henni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## GRÉTAR REYNISSON: HUGMYNDIR FÆÐAST EKKI AF SJÁLFUM SÉR

# Safaríkt leikverk

Leiksýningin Pétur Gautur sem sýnd er í Kassarum, nýja leiksviði Þjóðleikhússins, hefur fengið einróma lof gagnrýnenda og er nú sýnd fyrir fullu húsi. Leikverkið er eitt af meistaraverkum Henrik Ibsen og kom út árið 1867. Tæpum hundrað og fjörutíu árum síðar þykir það enn ferskt og höfða jafnvel til nútímans.

Leikmyndin hefur vakið mikla athygli enda leikur hún stórt hlutverk í því að færa Pétur Gaut til nútímans en það er Grétar Reynisson sem á heiðurinn af henni. Súanna Svavarsdóttir skrifaði í umfjöllun sinni að leikmyndin væri: „Einföld og látlaus, en snilldarlega hugsuð. Hvítt leikrýmið með tjöldum sem eru dregin frá og fyrir, verða að hvaða heimi sem er með einkar vel úthugsaðri lýsingu; líkhúsi, spítala, frystihúsi, heimili,

tröllabyggð, blóðvelli...“ og að útlitið þjónaði sýningunni í hvívetna.

Grétar hefur verið lengi að í leikhúsinu en hann hóf feril sinn sem leikmyndahönnuður árið 1980. Þrátt fyrir það segir hann hugmyndirnar alltaf vera jafn erfiðar í fæðingu. „Þær spretta út frá leikritinu og leikhúsinu,“ útskýrir hann en hugmyndavinnan hófst með nokkurra mánaða samtali Grétars og leikstjórans, Baltasars Kormáks. Hlutverk leikmynda-hönnuðar er að færa sýninguna í myndrænt form en að þessu sinni gerist Pétur Gautur á öræðum stað. „Ég fer vel ofan í leikritið, tek mér góðan tíma í að vinna hugmyndina og fer í langt ferðalag til að sannreyna hana,“ útskýrir Grétar og segir það ekki hafa verið beint fyrir fram ákveðið að gera

„núttímauppfærslu“ af þessu sígilda verki. „Það lá hins vegar alveg fyrir að taka þetta safaríka verk og kreista úr því ferskan safa,“ segir hann og forðast að nota skilgreininguna nútímauppfærsla. „Hver uppsetning er nútímauppfærsla því eini heiðarlegi skilningurinn er í gegnum okkur sjálf.“

Grétar segist hafa forðast að lesa verkíð með gleraugum Ibsens heldur notast miklu frekar við sín eigin. „Pétur Gautur hefur margar hlíðar og nútímauppfærslu, sem sest inn í leikhúsið, verður að geta séð Pétur Gaut okkar tíma,“ útskýrir hann. „Verkið er miklu frekar táknrænt heldur en spegilmynd einhvers tíma,“ bætir Grétar við og segir að við eigum öll eitthvað í þessum strák á sviðinu og hann í okkur.

freyrgiggja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hópur stúdenta við Háskóla Íslands hefur boðað til mótmæla í Odda klukan 12 í dag og stefnir að því að koma í veg fyrir að dr. Michael Rubin, fræðimaður við American Enterprise Institute og ritstjóri Middle East Quarterly, geti haldið fyrirlestur sinn um stefnu Bandaríkjaþjórnar í Mið-Austurlöndum. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands stendur fyrir fyrirlesturinn en mótmælendurnir fá ekki séð að það sé í verkahring hennar að fá menn eins og Rubin til þess að ávarpa íslenskt háskólafólk. Ekki eru spóruð stóru orðin í mótmælaboðuninni þar sem Rubin er sagður „striðsglæpamaður“, „lygari“ og „baráttumaður fyrir verri heimi“ og hafi átt „stóran þátt í að veita Bandaríkjaþjórn slæm ráð og rangar upplýsingar um Írak og Íraksstríðið“ og hafi þannig stuðlað að „ófriði og mannréttindabrotum í heiminum“. Mótmælendurnir telja það svarta orðstír Háskólans fái „þessi mannýla“ að halda fyrirlesturinn og hvetja alla sem vettlingi geta valdið til að mæta í Odda og stöðva kappann. Fyrirlesturinn er haldin í stofu 101 í Odda og hefst klukkan 12.15 og má búast við margmenni; bæði þeim sem vilja hlusta á Rubin og svo þeim sem vilja þagga niður í honum.



Nýtt Mannlíf er komið út en þar fjallar Ragnhildur Gísladóttir söngkona um skilnaðinn við Stuðmenn í ítarlegu viðtali auk þess sem hún ljóstrar upp um leyndarmál eilífrar æsku sinnar. Annars eru Vestfirðir áberandi í blaðinu og Halldór Jónsson, blaðamaður og fyrrverandi bæjarfulltrúi á Ísafirði, segir frá því þegar bæjaryfirvöld á Ísafirði reyndu allt sem í þeirra valdi stóð til að flæma hann úr starfi á héraðsfréttablaðinu Bæjarins besta. Hann upplýsir meðal annars í þessu sambandi að Halldór Halldórsson bæjarstjóri hafi reiðst nafna sinum fyrir neikvæðan spádóm völvu

BB. Halldór Jónsson sver hins vegar af sér öll tengsl við völvuna óvinsælu í Mannlífsviðtalinu. - þþ



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

Upplýsingar í síma 580 2525  
Textavarp: Stöð 2 • 150-153  
RÚV • 281, 283 og 284

**10 13 16 22 32**

þrefaldur 1. vinningur nk. laugardag

Bónus tala **36**

Jóker **3 1 2 4 2**

Fyrsti vinningur ekki gekk út.

VÍKINGA  
**LOTTO** Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 8.3.2006

Aðaltölur **1 3 20 22 37 43**

Bónustölur Ofurtala **7 47 2** Tvöfaldur 1. vinningur nk. miðvikudag

Jóker **7 6 2 2 6**

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

Bit með fyrimara en prentillur

## Ranimosk í barneignarleyfi

Bragi Halldórsson og María Pétursdóttir eignuðust litla stúlku 31. október. Fæðingin gekk vel og heilsast þeim að sögn Braga mjög vel. Skötuhrjúin reka búðina Ranimosk á Klapparstígnum og þegar jólin hvolfdust yfir auk annarra verkefna gerðu þau sér grein fyrir því að eitthvað yrði undan að láta til að þau gætu notið þess að vera með kornabarninu, sem verður jú bara lítið einu sinni á ævinni. Þau hafa því ákveðið að senda búðina í barneignarleyfi.

Bragi var staddur í búðinni þegar Fréttablaðið náði í skottið á honum en leyfið hefst væntanlega á næstu mánuðum. „Við erum í svo mörgu öðru en bara búðinni þannig að eitthvað varð undan að láta,“ segir Bragi. Þau ætla þó að halda vinnustofunni opinni en hafa pakkað búðinni niður. Ekki er

útilokað að Ranimosk verði opnuð að nýju í nánustu framtíð en verslunareigandinn segir ekkert ákveðið í þeim efnum. „Okkur finnst gaman að skapa og það getur því verið að við förum út í einhvers konar samstarf við aðrar búðir,“ útskýrir Bragi en þau vinna sína framleiðslu mest upp úr gömlum hlutum.

Nafnið Ranimosk hefur vafist fyrir mörgum og ófár halda að nafnið sé erlent, en Bragi upplýsir að það sé rammislenst. „Það þýðir samansafn af misónauðsynlegum hlutum eða skran,“ útskýrir hann.

MARÍA OG BRAGI Hafa ákveðið að senda búðina sína Ranimosk í barneignarleyfi um óákveðinn tíma.



## ZANUSSI

Fjölkerfa blástursofn með undir- og yfirhita ásamt grilli

- ✓ Ekta glóðarsteiking
- ✓ Clean N' Clear
- ✓ Klukka
- ✓ Verð áður kr 44.900



AFSLÁTTUR  
35%

Verð nú  
29.900

Verð nú  
39.900

AFSLÁTTUR  
40%

Snertitakkar

## ZANUSSI

Keramik helluborð með snertitökkum og High Light hraðhellum

- ✓ Barnalæsing
- ✓ Övenjulega stór hella 23 cm
- ✓ Uppúrsuðuvörn
- ✓ Verð áður kr 64.900

## Electrolux

Toppmódelið frá Electrolux. Vönduð eldavél með keramik helluborði, fullkomnum blástursofni, kjöthitamæli og tölvuklukku.

- ✓ EASY köld hurð með þreföldu gleri
- ✓ HxBxD: 85/90x59,5x60 cm
- ✓ Verð áður kr. 94.100



AFSLÁTTUR  
20%

Verð nú  
59.900



STÁL

Með kjöthitamæli!

AFSLÁTTUR  
20%

Verð nú  
74.900

## Electrolux

Falleg eldavél frá Electrolux með keramik helluborði og fullkomnum blástursofni.

- ✓ EASY köld hurð með þreföldu gleri
- ✓ HxBxD: 85/90x59,5x60 cm
- ✓ Verð áður kr. 74.900

## Küppersbusch

Flott gashelluborð með sterkbygðum pottagrindum. Auðvelt og öruggt í notkun. Einfalt að þrifa

- ✓ Fullkomið gaslekaöryggi
- ✓ Barnalæsing á stjórnrofum
- ✓ Verð áður kr. 39.900



AFSLÁTTUR  
25%

Verð nú  
29.900



## Electrolux

Nýr afbragðsfallægur amerískur kæli- og frystiskápur hlaðinn þægindum. Kámfritt stál

- ✓ Svæðisskipt kælihölf fyrir mismunandi mat
- ✓ Klakavél með 7 upplýstum hnöppum fyrir mulin ís, mola og kælt vatn.
- ✓ Frost Free afþiðing í kæli og frysti
- ✓ Sjálfhreinsibúnaður og lykteyðir
- ✓ Verð áður kr 315.900



Amerísk framleiðsla

SPARAÐU  
54.000

Verð nú  
259.000



1600 SNÚNINGAR

HRADPVOTTAVÉL

AAA

ORKA PVOTTUR BURRKN

AFSLÁTTUR  
25%

Verð nú  
59.900

## ZANUSSI

Afburða góð þvottavél hlaðin tækninýjungum og þægindum. Snertival og upplýsingaskjár tryggir þér fullkomna yfirsýn. Fuzzy Logic háþróuð þvottatækni samræmir vatnsmagn, hitastig og vinduhræða m.v. hleðslumagn.

- ✓ Hraðval á flestum kerfum
- ✓ Handþvottakerfi
- ✓ Framstillt ræsing möguleg
- ✓ Lætur vita þegar kerfi lýkur
- ✓ Upplýsingaskjár með rauntíma kerfis
- ✓ Övenjulega stór lúga 30 cm
- ✓ Verð áður kr 79.900

# NOKKRIR GÁMAR AF SPARNAÐI



180 cm

STÁL

AFSLÁTTUR  
23%

Verð nú  
84.900

## Electrolux

Stór kæli- og frystiskápur með kæliviftu, halogenlýsingu, flöskurekka, stafrænu stjórnborði, snertitökkum og skjá fyrir hitastig. Hraðkæling og aðvörn.

- ✓ Kámfritt stál og Sensa léttopnun
- ✓ HxBxD: 180x59,5x60 cm
- ✓ Verð áður kr. 109.900



140 cm

AFSLÁTTUR  
34%

Verð nú  
34.900

## Electrolux

Hentug heimilisstærð með frysti að ofanverðu. Bakteríuvörn.

- ✓ HxBxD: 140x55x60 cm
- ✓ Verð áður kr. 52.500



185 cm

AFSLÁTTUR  
25%

Verð nú  
59.900

## Electrolux

Stór kæli- og frystiskápur með 14% meira rými en áður hefur þekkt. Innrétting með flöskurekka og stórra grænmetisráffu á brautum.

- ✓ 2 kælivélar - 2 hitastíllar
- ✓ HxBxD: 185x59,5x60 cm
- ✓ Verð áður kr. 79.900



201 cm

AFSLÁTTUR  
23%

Verð nú  
69.900

## Electrolux

Stór kæli- og frystiskápur með 14% meira rými en áður hefur þekkt. Innrétting með flöskurekka og stórra grænmetisráffu á brautum.

- ✓ 2 kælivélar - 2 hitastíllar
- ✓ HxBxD: 201x59,5x60 cm
- ✓ Verð áður kr. 89.900

## Electrolux

Við kynnum hljóðlátustu ryksugu Evrópu! Allt að helmingi hljóðlátari en venjulegar ryksugar.

- ✓ Öviðjafnanlegur sogkraftur
- ✓ S-Bag örtrefjapokar
- ✓ Eltísnúra - þarf ekki að draga alla snúrana út
- ✓ Vandaðir fylgihlutir
- ✓ Stíllanlegt skaft og sogkraftur
- ✓ Létt og meðfærileg
- ✓ Verð áður kr. 22.900



AFSLÁTTUR  
22%

Verð nú  
17.900



6 FRÍTT! ryksugu-pokar tylgja

AFSLÁTTUR  
50%

Verð nú  
3.990

## ufesa

Létt og meðfærileg ryksuga með 1600W sogkrafti, stíllanlegu stál-skafti og Power Plus ryksuguhaus. Verð áður kr. 7.990



AFSLÁTTUR  
50%

Verð nú  
4.990

## Electrolux

Stílhrein og falleg eldhúsvifta með góðum sogafköstum og þvoanlegri fitusíu

- ✓ HxBxD: 13x59,5x48,3 cm
- ✓ Verð áður kr. 9.990

# Rafha ehf

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
Sími 5880500  
www.rafha.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

## MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**



### BAKPANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

## Íslenska efnahagsundrið

Núorðið veit allur heimur að Íslendingar vaða í peningum, nema hvað Danir neita enn að trúa því að við eigum bót fyrir boruna á okkur og muna vel hversu fyrirhafnarsamt það var að halda lífinu í þessari bláfátæku þjóð öldum saman og uppskera ekkert nema vanþakklæti. Við eigum það fátækt okkar að þakkaen ekki íslenskri sjálfstæðisást að hér skuli ekki vera töluð íslensk tunga en ekki dönsk, því að nýlenduherrunum þótti svo fráleit tilhugsun að flytjast til þessarar gaddfreðnu eyjar að þeir sátu frekar heima og útskrifuðu íslenska prestssyni með pungapróf í lögum til að halda uppi þeirri nauðsynlegu siðmenningu að brenna galdrakindur og hengja þjófa eftir þörfum. Fátæktin verndaði okkur fyrir því að hér næði að myndast dönsk yfirstétt og íslensk tunga fékk að tóra í frostköldum moldarbingjum þar sem beljur voru notaðar í stað miðstöðvarofna jafnvel þótt heitar lindir væru á bæjarhláðinu.

**PRÁTT** fyrir að Danir neiti að trúa því að við Íslendingar séum vel fjáðir og eftirlitsstofnanir kveiki á blikkljósum þegar þær kanna innviði hagkerfisins þá vitum við sjálf að hvergi á byggðu bóli getur að líta stöndugri þjóð.

**FRELSISHUGSJÓN** þjóðarinnar rættist þegar bankarnir voru leystir út úr ríkisfjósínu eins og kálfar á vordegi. Hér trúa allir á einn guð eins og Þorgeir Ljós-vetningagoði sagði að væri nauðsynlegt til að varðveita friðinn og sá guð býr í Seðlamusterinu þar sem æðsti presturinn birtist á tilteknum dögum eins og spýtuflugl í gauksklukku og gelur framtíðarspár og ráðleggingar um meðferð hins heilaga málm.

**NÚ** fer litlum sögum af því forn- eskjulega nöldri sem gerir lítið úr auðsöfnun. Hér býr þjóð sem mælir framfarir sínar í fjölda álvera; andleg velmegun skiptir ekki máli svo lengi sem hlutabréfin stíga í Kauphöllinni. Menning og sjálfstæði okkar byggist á íslenskri tungu og samkennd og samstöðu þjóðarinnar. Útrás og auðsöfnun byggist á ensku og einkavæðingu. Kannski það sé þessi fátækt sálar og menningar sem Danir skynja þegar þeir móast við að trúa á framtíð hins íslenska efnahagsundurs.



## Kemst hvert sem er og ratar þangað líka

Mynd frá Helliðshéidi

Nú fylgir leiðsögutæki\* að andvirði 96.500,- með hverjum seldum Legacy. Legacy er fullkominn bíll fyrir bæjarbúann sem finnst gaman að ferðast um landið. Lipur og léttur innanbæjar - öflugur með kraftmiklu drifi á öllum hjólum utanbæjar. Þú einbeitir þér að akstrinum og tölvan vísar þér til vegar - hvort sem þú ert á hálendinu eða bara að leita að Andrésbrunni í Grafarholti.



JÓNSSON & LEWIS - JI.LS



STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Sjálfskiptur Sedan 2.440.000,- Beinskiptur Wagon 2.390.000,- Sjálfskiptur Wagon 2.590.000,-

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.h.is

Opið: Mánudaga - föstudaga, kl. 9:00-18:00 og laurdaga kl. 12:00-16:00

Hrísmýri 2a 800 Selfoss 482-3100	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-5141	Eyralandi 1 530 Hvammstanga 451-2230	Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960	Sindragötu 3 400 Ísafirði 456-4540	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Vikurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfirði 474-1453
--	---	--	--	--------------------------------------	--	---	---	---

SYMMETRICAL AWD

\* Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku veg- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3.

AUGLÝSINGASÍMI

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ